

MOSFELLINGUR

RE/MAX
SJÁ MIÐOPNU

16. tbl. 6. árg. föstudagur 21. desember 2007. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



Gledileg jól

Mynd/Hilmar


EIGN VIKUNNAR

Hjallahlíð - 2ja herb.



64,1 m², 2ja herb. íbúð. Permaform íbúð á jarðhæð m/stórum palli. Verð 19,9 m.

Kjarna,
Þverholti 2
Mosfellsbæ
586 8080
www.fastmos.is



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjarnested
Löggiltur fasteignasali

Sjá nánar á bls. 6-7



Gledileg jól

MOSFELLSBAKARÍ

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatangá 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördis Kvaran Einarisdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki
vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 11. jan.

Bregðum blysum á loft

Ég man þá tíð þegar við krakkarnir í hverfinu hópuðumst saman á milli jóla og nýárs og söfnuðum á brennu. Fengum lánaða kerru í næsta húsi og svo var einhver pabbinn plataður í að skutlast með draslið á brennuna þegar kerran var orðin full. Síðan var hópast saman á gamlárskvöld á götuhorninu þar sem lagt var í kyndlafor að brennunni góðu. Nú er hins vegar ein



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

brenna fyrir alla og hverfabrennurnar liðin tíð. Ekkert að því svesem en þetta var alltaf skemmtilegur tími. Er krakkar ekki líka hættir að fara út á kvöldin, hittast og fara í leiki. Þurfa ekki allir að vera komnir heim klukkan átta og svo eru þau meira og minna orðin veruleikafyrir af tölvuleikjum og MSN, SMS, MMS, G3 og hvað þetta heitir allt saman. Nei, kannski ekki svo slæmt en tímarnir eru breyttir. Við Mosfellingar getum hinsvegar verið stoltir af brennunum okkar, bæði á gamlárskvöld og ekki síst þrettándabrennunni sem er sú flottasta á landinu. Gleðileg jól og farið varlega með eldinn.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

..þegar fárviðri olli miklu tjóni um land allt. Dagana 16.-17. febrúar geisaði gríðarlegt aftakaveður á landinu, sem við Mosfellingar fórum ekki varhluta af. Óveðrið er oft nefnt „Engihjallaveðrið“ því að í Engihjalla í Kópavogi varð tjónið einna mest á landinu. Á þessum dögum var talað um að veðurhæð á landinu væri lítið minni en í suðlægarí fellibyljum. Í Mosfellsdal gjöreyðilagðist 200 fermetra gróðurhús ásamt 6 þúsund páskafljóm. Á myndinni má sjá uppslátt sem fauk um koll hjá Álafossi í Mosfellsveit. Myndin birtist í Morgunblaðinu þann 18.febrúar 1981



HÉÐAN OG ÞAÐAN



Gleðileg jól

Óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Takk fyrir viðskiptin á árinu.

TEXTURE
hárstofa

www.texture.is

HÁHOLT 23 - SÍMI 566 8500

Jól á nýjum stað



LEIRVOGSTUNGA

sérbýli í sveit

Fyrsta skóflustungan að byggðinni í Leirvogstungu var tekin hinn 20. júlí 2006. Nú, sautján mánuðum síðar, eru einungis örfáar lóðir óseldar.

Framkvæmdagleði er mikil í Leirvogstungu og nýir sigrar eru stöðugt að vinnast. Hjá mörgum er sá draumur að rætast að komast inn í nýja húsið sitt fyrir jólin.

Við sendum öllum Mosfellinum, nýjum og gömlum, í Leirvogstungu og annars staðar, okkar bestu jólakveðjur. Kærar þakkir fyrir samferðina á árinu sem er að líða.

Fyrir hönd Leirvogstungu ehf.

Bjarni og Katrín

NÁNARI UPPLÝSINGAR ER AÐ FINNA Á WWW.LEIRVOGSTUNGA.IS



Nýr formaður og styrkur frá bænum

Aðalfundur gólkúbbsins Kjalar fór fram fyrir í mánuðinum. Mikið uppbyggingarstarf hefur átt sér stað í klúbbum, véla- og áhaldageymsla er langt kominn og uppbygging nýs vallar hefur gengið vel. Skúli Skúlason lætur af formennsku og við tekur Gunnar Páll Pálsson. Á fundinum var einnig skrifað undir viljayfirlýsingu við Mosfellsbæ um áframhaldandi stuðning við golfþróttina. Til stendur að hefja byggingu 1. áfanga golfskálabyggingar á næsta ári og fær klúbburinn til þess 120 milljónir frá bæjarfélaginu á næstu árum.



Aðgerðir í starfsmannamálum

Mosfellsbær hefur ákveðið að grípa til sérstakra aðgerða í launamálum á árinu 2007 og 2008 í stofnunum sem glíma við undirmönnun. Aðgerðirnar eru til að umbuna starfsmönnum sérstaklega vegna mikils álags í starfi s.s. vegna starfsmannaveltu, þjálfunar og leiðbeiningar nýrra starfsmanna og undirbúnings sem ekki næst vegna álags á venjulegum vinnutíma. Þessar aðgerðir eru einnig til þess fallnar að efla starfsanda og líðsheild. Um er að ræða bæði eingreiðslur og önnur hlunnindi td. í formi heilsuræktarstyrks.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Dórnafnd hefur valið bestu útfærslu á nýjum skóla fyrir 1-9 ára börn

Einstakur skóli á landsvísu

Á næstunni mun rísa ný gerð skóla í Krikkahverfi fyrir börn á aldrinum 1-9 ára. Sú aðferð að setja saman í einn skóla daggæslu-, leikskóla- og grunnskólabörn hefur ekki áður verið reynd áður hérlandis.

Auglýst var eftir blönduðu teymi fagfólks úr ólíkum áttum sem legði fram tillögur um hugmyndafræði skólans og hönnun byggingar í samræmi við hana innan ramma skólastefnu Mosfellsbæjar.

Hugmyndafræði og hönnun

Tillaga sem nefnist Bræðingur varð hlutskörpust í samkeppninni. Höfundar tillögunar eru Einrúm arkitektar, Arkiteó, Suðautanátt, VSB, Helgi Grímsson, Andri Snær Magnason og Sigrún Sigurðardóttir. Í umsögn dórnafndar segir meðal annars: „Skólastefnan er kenningarlega vel undirbyggð og setur skóla og einstaklinga í eftirtektarvert samhengi við nærsamfélag og samfélagið yfirleitt, með skírskotun til veruleika nútíðar og framtíðar og áherslu á að litlar pollagallamanneskjur í litlum skóla geta breytt heimsmynd manna, ef umgjörðin býður upp á það.“ Formaður dórnafndar var Herdís



Sigurjónsdóttir bæjarfulltrúi.

Krikaskóli fléttast við landslagið, byggingin vex upp úr landinu og myndar skjólgóða laut um leiksvæði barnanna. Skólinn er landslag, landslag sem gefur margfalda möguleika á upplifun. Nemendur og kennarar geta ferðast um húsið í stærri eða minni hópum og fundið sér stað sem hentar námsefni hverju sinni.

Lítill 200 barna skóli

Krikkahverfi er nýtt hverfi í upp-

byggingu, staðsett í djúpum krika sem gengur inn í Lágafellið, meðfram Kónsveginum inn að Reykjum, lagað að náttúrulegum aðstæðum við rætur fellsins.

Gert er ráð fyrir að Krikaskóli verði fyrir um 200 börn og að skólastarf hefjist þar á skólaárinu 2007 til 2008 í bráðabirgðahúsnæði til að byrja með, en ráðgert er að skólinn verði kominn í nýtt húsnæði Krikaskóla í upphafi skólaárs 2009 til 2010.

Fyrir eru tveir grunnskólar og fjórir leikskólar í Mosfellsbæ.



Stuðningsfulltrúi óskast

Stuðningsfulltrúi óskast í dagþjónustuna á Skálatúnsheimilinu.

Um er að ræða 100% stöðu, vinnutími 8-16.

Einnig vantar í búsetuna, 45% unnið í viku og frí í viku, síðan í 50% vinnu kvöld og helgar vinna. 20% unnið aðrahvora helgi.

Upplýsingar veitir Anna Gunnlaugsdóttir sviðsstjóri í síma 5306603.

Helgihald Lágafellssóknar yfir jól og áramót:

Sunnadaginn 23. desember

Hátíðarguðsþjónusta á elli- og hjúkrunarheimilinu Víðinesi kl. 11:00. *Sr. Þórhildur Ólafs*

Aðfangadagur 24. desember

Barnaguðsþjónusta að Lágafelli kl. 13:00. *Sr. Ragnheiður, Hreiðar Örn og Jónas*
Aftansöngur í Lágafellskirkju kl. 18:00. *Sr. Þórhildur Ólafs*
Einsöngur: Hanna Björk Guðjónsdóttir

Organisti: Guðmundur Ómar
Miðnæturþjónusta að Lágafelli kl. 23:30
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Einsöngur: Björk Jónsdóttir

Jóladagur 25. desember

Hátíðarguðsþjónusta að Lágafelli kl. 14:00. *Sr. Þórhildur Ólafs*
Söngur: Sigrún Hjálmtýsdóttir og dætur. Þorkell Jóelsson á horn.
Hátíðarguðsþjónusta að Mosfelli kl. 16:00. *Sr. Ragnheiður Jónsdóttir*
Söngur: Sigrún Hjálmtýsdóttir og dætur. Þorkell Jóelsson á horn.

Gamlársdagur 31. desember

Aftansöngur í Lágafellskirkju kl. 18:00. *Sr. Þórhildur Ólafs*
Einsöngur: Jóhann Friðgeir Valdimarsson

Kirkjukór Lágafellskirkju leiðir söng í öllum athöfnum undir stjórn Jónasar Þóris, nema annað sé tekið fram.

SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!



ÞORRABLÓT

AFTURELDINGAR

ÍÞRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ 26. JANÚAR 2008



**VEISLUSTJÓRAR
OG SKEMMTIKRAFTAR
SIMMI OG JÓI**



**MAGNI OG Á MÓTI SÓL
HALDA UPPÍ STUÐI FRAM Á NÓTT**

**BOB GILLAN OG
ZTRANDVERÐIRNIR
TAKA LÉTTA SVEIFLU**

Vegna mjög mikilla fyrirspurna, fyrirtækja í Mosfellsbæ, um miða á Þorrablótið, hefur verið ákveðið að bæta við 150 sætum. Fyrirtæki, hópar og félagasamtök sem keypt hafa miða geta valið borð í Vallarhúsi Varmá fimmtudaginn 17. janúar kl. 20:00 – 21:00

Húsið opnar kl. 19:00
Borðhald hefst kl. 20:00
Veislustjórar: **Simmi og Jói**
Minni karla: **Ragnheiður Ríkharðsdóttir**
Minni kvenna: **Karl Tómasson**

Miðaverð kr. 5.500
Miði eftir kl 23:30 kr. 2.000
Forsala aðgöngumiða verður í afgangiðslu íþróttamiðstöðvarinnar Varmá frá 10. janúar.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, (sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur)

4.gr - Almenn um skyldur hundaeigenda

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Á næstu vikum verður fylgst sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



Starfsfólk endurvinnslustöðva SORPU óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum samstarfið á árinu. Með ykkar þátttöku höfum við náð góðum árangri í að koma flokkuðum úrgangi til endurnýtingar.

Opnunartíma starfsstöðva SORPU um hátíðarnar má nálgast á sorpa.is

SORPA
Flokkum og skilum

MOSFELLINGUR ÓSKAR ÖLLUM BÆJARBÚUM GLEÐILEGRA JÓLA



Einar Páll



Hildur



Lína



Inga María



Hjallahlíð – 2ja herb íbúð

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 2ja herbergja Permaform íbúð á JARÐHÆÐ í litlu fjölbýli, með stórum timburverönd við Hjallahlíð 25 í Mosfellsbæ. Stórt hjónaherbergi, baðherbergi m/sturtu, sér þvottahús, góð geymsla - hægt að nota sem leikherbergi, rúmgóð stofa og eldhús með flottri innréttingu. Þetta er frábær eign fyrir þá sem eru að kaupa sínu fyrstu eign - timburveröndin eykur notagildi eignarinnar mikið. Lágafellsskóli, leikskóli, glæsileg sundlaug ofl. í næstu götu. **Verð 19,9 m.**



Tröllateigur – lúxusíbúð á efstu hæð

NÝTT Á SKRÁ Loksín, loksín – vorum að fá í sölu glæsilega 3ja herbergja íbúð á EFSTU HÆÐ í 4. hæða húsinu við Tröllateig 24. Um er að einn besta staðinn í húsinu – mikið útsýni til suðurs af svölunum og ekki síðra er útsýnið til norðurs úr eldhúsinu, að Esjunni og Helgafelli. Þetta er stór og björt íbúð, með góðu geymsluplássi, bílastæði í lokuðum bílakjallara og flott geymsla inn af staðinu. **Verð 31,9 m.**



Bugðutangi – endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu 86,6 m², 3ja herbergja endaraðhús við Bugðutanga 12 í Mosfellsbæ. Steypt hús á einni hæð á góðum stað í Mosfellsbæ, 2 rúmgóð svefnherbergi, ný upptekið baðherbergi m/sturtuklefa, geymsla, góð stofa, sér eldhús og búr/þvottahús inn af eldhúsi. Stór hornlód með timburverönd og góð aðkoma að húsi. **Verð kr. 29,9 m.**



Hjallahlíð – 174,6 m² raðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu tveggja hæða raðhús við Hjallahlíð 13 í Mosfellsbæ. Íbúðin er 149,5 m² og bílskurinn 25,1 m². Á jarðhæð er forstofa, stofa, eldhús, hjónaherbergi, svefnherbergi og gesta WC, á 2. hæð er sjónvarpshol, 2-3 svefnherbergi og baðherbergi. Stórt hellulagt bílapan með snjóbræðslu og timburverönd í suðurgarði. Frábær staður við skóla, sundlaug og golfvöll. **Verð 45,5 m.**



Þverholt - 2ja herb.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá fallega 57,7 m², 2ja herbergja (ósamþykkt) íbúð á jarðhæð í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er mjög smekklega innréttuð og vel nýtt, flísar á gólfum, rúmgóð stofa og eldhús og baðherbergi með fullkomnum sturtuklefa. Mjög gott aðgengi, sér inngangur beint af bílplaninu. **Verð kr. 14,9 m.**



Prastarhöfði – Laus í dag

Afar glæsileg 3ja til 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli við Prastarhöfða 5 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög glæsileg, með eikar plankaparketi og flisum á gólfu, hnotu innhurðar og innréttingar hvítar/hnota. Hér hefur hvergi verið til sparað – frábær staður, sundlaug, líkamsrækt, skóli, leikskóli, golfvöllur og gönguleiðir rétt við húsið. Áhv. 19,4 m. frá Glitni m/5,0% vöxum. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning. **Verð 32,9 m.**



Hagaland – 361 m² einbýli með 2/skúr

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu glæsilegt 308,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 52,5 m² tvöföldum bílskúr á fallegum stað, neðst í botnlanga við Hagaland í Mosfellsbæ. Á aðalhæð er stórt eldhús, stofa, borðstofa, 2 svefnherbergi og baðherbergi, og á jarðhæð er þvottahús, svefnherbergi, baðherbergi og ósamþykkt íbúð með eldhúsi, stofu og tveimur svefnherbergjum. Þetta flott eign á góðum stað. **Verð 85,0 m.**



Hagaland - einbýlishús

Til sölu 209,6 m² einbýlishús með bílskúr við Hagaland 16 í Mosfellsbæ. Húsið er 154,1 m² á einni hæð ásamt 55,5 m² bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi, stór stofa og gott eldhús. Skriðkjallari undir húsinu. Falleg aðkoma og skjólgóður og gróinn garður. Þetta einbýlishús er á mjög hagstæðu verði. **Verð 43,8 m.**



Krókabyggð – 108 m² raðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá mjög flott raðhús á einni hæð með millilofti. Íbúðin hefur mikið verið endurnýjuð, m.a. ný gólfefni, innihurðar og baðherbergi endurnýjað. 3 góð svefnherbergi, björt stofa, baðherbergi m/hornbaðkari og eldhús á jarðhæð. Vinnuherbergi og sjónvarpshol er á millilofti, sem nýtist mjög vel. Stórt hellulagt bílapan m/snjóbræðslu og afgirtur garður. **Verð 32,2 m.**



Tröllateigur – 115,6 m² íbúð

NÝTT Á SKRÁ Falleg 115,6 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýju fjölbýlishúsi við Tröllateig 23 í Mosfellsbæ. Gengið er íbúðin af opnum svalagangi. Allar innréttingar í eik og eikarparket og flísar á gólfum. Stofa, borðstofa, sjónvarpshol, flott eldhús og þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, sér þvottahús og geymsla. Mjög stórar svalir í suður. Þetta er vönduð íbúð rétt við miðbæ Mosfellsbæjar. **Verð. 30,9**



Leirutangi – Glæsilegt einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu mjög fallegt 189,3 m² einbýlishús á einni hæð á stórum hornlód við Leirutanga 24 í Mosfellsbæ. Húsið hefur mikið verið endurbætt sl. ár m.a. er nýjar sérhannaðar innréttingar í eldhúsi og á baði. Bílskúr hefur verið innréttaður sem hobby herbergi og unglíngaherbergi. Stór timburverönd með skjólgirðingu, heitur pottur og markísur yfir öllum gluggum. Þetta er eign í sérflokki. **Verð 67,5 m.**



Prastarhöfði – Nýtt 250 m² einbýlishús

Glæsilegt 250 m² einbýlihus á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Prastarhöfða 16 í Mosfellsbæ. Húsið er einangrað að utan og klætt með flisum og harðvið. Mikil lofthæð í húsinu sem setur sterkan svip á hönnun þess. Íbúðin er fallega innréttuð með hvítum innréttingum og eikarparketi og flisum á gólfum. 4 stór svefnherbergi, 2 baðherbergi, stórt þvottahús og 44 m² bílskúr. Flott sundlaug, World Class, skóli og golfvöllur í innan við 100 metra fjarlægð. **Verð 76,9 m.**



www.fastmos.is
Sími: 586 8080

**Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ**

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali



Akurholt – Einbýlishús í botnlanga

Til sölu 208 m² einbýlishús á einstökum stað, neðst í botnlanga við óbyggt svæði við Arkarholt 20 í Mosfellsbæ. Húsið er einnar hæða einbýlishús með tvöföldum bílskúr og 1.500 m² verðlaunagarði. 4-6 svefnherbergi, fallegt eldhús, tvö baðherbergi. Timburverönd, heitur pottur og skjólgóður garður.
Verð 57,8 m.



Hafravatn – 45 m² hús – 2.040 m² lóð

Til sölu 44,8 m² sumarhús á 2.040 m² eignarlóð í sumarhúsaþverfi við Hafravatn í Mosfellsbæ. Húsið er byggt árið 1979 og þarast endurbóta, en samþykkt deiliskipulag gerir ráð fyrir allt að 70 m² frístundahúsi á lóðinni. Töluverður trjágróður eru á lóðinni þetta er kjörð tækifæri fyrir þá sem vilja eignast húsnæði á þessum frábæra stað – þetta er sannarlega sveit við borg.
Verð 18,4 m.



Hulduhlíð – 3ja herb.

Til í sölu flott 84,1 m², 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í litlu 2ja hæða fjölbýli við Hulduhlíð 11 í Mosfellsbæ. Í íbúðinni eru tvö rúmgóð svefnherbergi með skápum, baðherbergi m/ sturtu, sér þvottahús, geymsla/tölvuherbergi, góð stofa og eldhús með borðkrók. Svalir í suður og opinn stigagangur. Lágafellsskóli, leikskóli, glæsileg sundlaug ofl. í næstu götu.
Verð 23,9 m.



Hulduhlíð – 3ja herb.

Til sölu 84,1 m², 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í litlu 2ja hæða fjölbýli við Hulduhlíð 9 í Mosfellsbæ. Í íbúðinni eru tvö rúmgóð svefnherbergi með skápum, baðherbergi m/ sturtu, sér þvottahús, geymsla/tölvuherbergi, góð stofa og eldhús með borðkrók. Svalir í suður og opinn stigagangur. Lágafellsskóli, leikskóli, glæsileg sundlaug ofl. í næstu götu.
Verð 24,4 m.



Reykjahvoll 41

Til sölu einstakt 300 m² einbýlishús í efstu hæðum Mosfellsbæjar, við Reykjavöl 41. Húsið er tvílyft bjálkahús á steyptum kjallara. Tignarleg aðkoma er að húsinu sem stendur efst yfir byggðinni við Reyki. Snæfellsjökull, Esjan, Helgafell og Lágafell eru eins málverk af veröndinni. Húsið stendur á stórrí eignarlóð með Reykjaborgina í bakgarðinu. Þessi eign er fyrir þá sem vilja mikið pláss og náttúru allt í kring.
Verð 120,0 m.



Ásar við Reykjavöl 16

Mjög glæsilegt einbýlishús á einstökum stað í jaðri byggðar með alveg svakalega fallegu útsýni við Reykjavöl í Mosfellsbæ. Húsið, sem er hannað af Sverri Norðfjörð, arkitekt er á þremur pöllum og með mikilli lofthæð. Fallegur og skjólgóður garður með litilli tjörn, timburverönd og lundi. Stórar yfirbyggðar svalir með panorama útsýni. Þetta er einstök eign fyrir vandláta sem vert er að skoða.
Verð 115,0 m.



Jólaþveðja



Starfsfólk Fasteignasölu Mosfellsbæjar óskar öllum Mosfellingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Með kærri þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða,

Einar Páll, Hildur, Lína og Inga María



Klapparhlíð – 50 ára og eldri

90,5 m², 2ja herbergja íbúð á EFSTU HÆÐ í 4ra hæð fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Þetta er vönduð lyftublokk með bílaskjallara. Íbúðin er björt og rúmgóð, eikarparket og flísar á gólum og fallegar eikar innréttingar í eldhúsi, baði og svefnherbergi. Stór stofa og borðstofa og svalir eru yfirbyggðar og með glerhurðum sem hægt er að opna. Bílastæði í bílageymslu fylgir. Sundlaug, líkamsrækt og golfvöllur, allt í göngufæri við húsið.
Verð 31,5 m.



Raðhúsaloðir í Mosfellsbæ

RÁÐHÚSALOÐIR Í LEIRVOGSTUNGU Í SÖLU
Erum með í sölu nokkrar raðhúsaloðir á svæði 4 – lóðir við Vogatungu – um er að ræða síðustu raðhúsaloðirnar í Leirvogstungu. TILBOÐUM VERÐUR SVARÐ INNAÐ 24 KLST. Þetta er eitt af fallegustu byggingarlöndum á höfuðborgarsvæðinu, með Leirvögsá og Köldukvísl á sitt hvora hönd. Á svæðinu verða eingöngu byggð einbýls-, rað- og parhús. Kynntu þér málið á www.leirvogstunga.is eða hafðu samband við okkur á Fasteignasölu Mosfellsbæjar.



Stórikriki 1 - Fjölbýli

Vorum að fá í sölu fjölbýlishúsið við Stórikriki 1 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 15 stórar íbúðir, 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir. Íbúðirnar verða seldar fullbúnar, með gólfefnum, ísskáp, uppþvottavél, þvottavél og þurrkara. Í húsinu eru tveir stigagangar og lyftur í hvorum gangi. Bílskúrar fylgja sumum íbúðum. Afhending í febrúar og apríl 2008.
Verðdæmi:
- 2ja herb 102,5 m² verð 25,4 m.
- 3ja herb, 121,7 m² verð 27,9 m.
- 4ra herb, 137,3 m² verð 29,5 m.

Laxatunga – 183,5 m² raðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu mjög falleg raðhús á einni hæð á einum besta stað í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Um er að ræða forsteypt einingarhús sem verða afhent rúmlega fókheld, þ.e. auk fókheldis verða innveggir forsteyptir að mestum hluta og tilbúnir undir sandsparti, gluggar ísettir og þak verður einangrað sem og útveggir. Laxatunga 51-57 stendur á afar fallegum stað með miklu útsýni út á Leirvogsgönn – húsin eru að verða fókheld í dag, en þau verða tilbúin til afhendingar í janúar 2008.

Verð:
Laxatunga 51 – 183,5 m² endaraðhús – verð 45,5 millj.
Laxatunga 53 – 181,5 m² miðjuraðhús – verð 43,5 millj.
Laxatunga 55 – 181,5 m² miðjuraðhús – SELT
Laxatunga 57 – 183,5 m² endaraðhús – verð 45,5 millj.



Leirvogstunga – 199,2 m² einbýlishús

Til sölu 199,2 m² einbýlishús í byggingu við Leirvogstungu 4 í Mosfellsbæ. Þetta er timburhús á einni hæð ásamt milli lofti og bílskúr. Húsið verður afhent á byggingarstigi 5 – tilbúið til innréttinga. Húsið verður fullbúið að utan. Að innan verða allir innveggir uppsettir og sandsparslaðir og tilbúnir til málningar – loft verða einnig tilbúin til málningar. Húsið verður afhent í ofangreindu ástandi í mars 2008, en sýningarhús er tilbúið til skoðunar.
Verð kr. 43,8 m.





Líf og fjör þegar kveikt var á jólatrénu við Kjarna

Jólaljósin tendruð



Gaman á háhest á pabba.



Mæðginin Brynja og Andrés.



Rauðklæddir jólabræður.



Sigurjón, Kolbeinn og Guðlaug.



Krakkarnir fjölmenntu á jólaskemmtunina og þau eru greinilega komin í hátíðarskap.



Emma Íren og Kolfinna hjálpuðu Haraldi bæjarstjóra að kveikja á jólatréinu.



Jólasveinarnir heilsuðu upp á öll þægu börnin í Mosfellsbæ.



Guðrún, Gylfi og Þorsteinn í jólaþakpi.



Jakob og María bíða spennt eftir jólnum.



Jólaögin leikin og fólkíð söng með.



Ósk um gleðileg jól

Um leið og við sendum okkar bestu jóla og nýjárskveðjur, viljum við tilkynna að vegna tiltektar og undirbúnings verða handverksstofur á Hlaðhömrum lokaðar til 4. janúar.

Bókbandsnámskeið byrjar 8. jan. kl. 13.00
Tréskurðarnámskeið byrjar 10. jan. kl. 12.30
Leikfimi byrjar 14. jan. kl. 13.30.

Soffía, Unnur og Svanhildur



ELDRI BORGARAR



„Þegar maður á lífsblóm byggir maður hús.“

- Halldór Laxness, Sjálfstætt fólk.



ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI



Jóladiskur Hljómskálakvintettsins

„Jólin alls staðar“ er jóladiskur sem Hljómskálakvintettinn hefur gefið út og er góð viðbót við jóla-safn landsmanna. Málmblásarkvintettinn var stofnaður árið 1976 en hann skipa nú Ásgeir H. Steingrímsson trompet, Sveinn Þ. Birgisson trompet, Þorkell Jólsson horn, Oddur Björnsson bíasúni og Bjarni Guðmundsson túbu. Kvintettinn hefur komið víða við og hafa þeir félagar m.a. nú í 25 ár stýtt kirkjugestum biðina í Hallgrímssókn milli kl. 17-18 á aðfangadag. Blásararnir eru þeir allra færustu á sínu sviði eins og glöggst má heyra þegar lagt er við hlustir. Jóladiskurinn er til sölu hjá Hlín í Blómahúsinu.



Skatan vel kæst

Mosfellingarnir í Fiskbúðinni Hafberg hafa að undanförnu undirbúið skótuveislu landsmanna. Höfðu menn að orði að sumir skótuþittanna væru svo vel kæstir að menn fengu ekki að kyssa konuna sína fyrr en í fyrsta lagi mars eða apríl á næsta ári. Þannig að skótu veislan hjá Vigni ætti að vera einstaklega ljúffeng í ár. Á myndinni má sjá þá Sigurð, Auðunn, Höгна og Geir.

Gledileg jól

Sendum öllum nemendum, foreldrum og starfsmönnum Lágafellsskóla hugheilar jóla- og nýárskeiður með þökkum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu sem er að líða.

Megi feður og helgi jólaanna verða okkur öllum að leiðarljósi.

Stjórnendur Lágafellsskóla



32 konur stofnuðu nýjan Lionsklúbb í Mosfellsbæ Stofnfundur Úa

Mánudaginn 10. desember var stofnaður nýr Lionsklúbbur í Mosfellsbæ. Stofnfélagar í þessum nýja klúbbi sem fékk nafnið Lionsklúbburinn Úa eru 32 konur. Nafnið er fengið frá persónu í sögu Haldórs Laxnes, „Kristnihald undir jökli“.

Mikill áhugi er meðal þessara nýju félaga og er ekkert líklegt en að stofnfélögum eigi eftir að fjölga fram að stofnskrárhátíð klúbbsins sem verður haldin í Hlégarði þann 29. febrúar 2008.

Stjórn Lkl. Úu skipa: Dagný S. Finnsdóttir formaður, Kristín Davíðsdóttir ritari, Svanhildur Þorkelsdóttir gjaldkeri, Anna María Einarsdóttir formaður félaganefndar.

Margir gestir voru á fundinum, félagar úr Lkl. Mosfellsbæjar og Lkl. Fjörgyn ásamt yfirstjórn Lionshreifingarinnar. Lkl. Mosfellsbæjar er fððurklúbbur Úu. Reglulegir fundir klúbbsins verða haldnir í Hlégarði fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 19.00.

Ef einhver hefur áhuga á að kynnast starfi klúbbsins má hafa samband við einhverja úr stjórn klúbbsins. Fyrst um sinn verður hægt að nálgast upplýsingar um Lkl. Úu á heimasíðu Lkl. Mosfellsbæjar www.mmedia.is/kristh



Snorri, fyrir miðju, með fríðum hópi barna og foreldra.

Ungbarnasundið hjá Snorra alltaf vinsælt

Fjör í ungbarnasundi

Það var nóg að gera hjá litlu kríunum í ungbarnasundi í sundlaug Skátatúnsheimilisins er blaðamaður leit inn og náði tali af kennaranum Snorra Magnússyni. Snorri er menntaður íþróttakennari og Þroskafjálfi en hann hefur kennt hér við lauginu í 17 ár.

Hvaðan kemur allt þetta áhugasama sundfólk?

Flestir foreldrar koma frá stór Reykjavíkursvæðinu en góður kjarni kemur héðan úr Mosfellsbæ.

Hver er aldur barnanna?

Yngst tek ég tveggja til þriggja mánaða gömul börn og elst í kringum átta til tíu mánaða.

Hverjir eru kostir ungbarnasunds?

Ungbarnasund er fyrst og fremst tilvalin leið til að fá foreldrana til að vinna með börnunum sínum í örvandi umhverfi og þá á forsendum barnanna, markmiðið er að venja

börnin við vatn og köfun og auka sjálfstraust þeirra og virðingu fyrir vatninu.

Ég veit að þeir sem umgangast mikið börn sjá mun á þeim börnum sem hafa farið í ungbarnasund, þau verða almennt virkari í hreyfingum, kvikari og fara fyrr á stjá, ef við teljum að það skipti máli, þá er þetta ekkert nema jákvætt.

Þú notar sönginn mikið, hvers vegna?

Það er nú þannig að þar sem er sungið finnst flestum notalegt að vera, allt andrúmsloft getur breyst eins og hendi sé veifað bara við það að sungið sé lítið lag.

Þú ert búin að kenna hér ansi lengi, afhverju þessi sundlaug?

Sundlaugin hér er nokkuð sérstök því hún er lítil og hringlaga, það form hentar afskaplega vel til ungbarnasundskennslu.

RÖ

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fréttir liðandi stundar úr dagbók lögreglunnar



Fyrstu 13 dagar desembermánaðar.

Þjófnaðarmál

Á þessum þrettán dögum hafa verið tilkynnt til okkar þrjú innbrotatilfelli. Það er ein af þessum aumingjaframkvæmdum að mínu mati þegar ráðist er inn á heimili fólks og gramsað þar í persónulegum munum og stolið.

Eignaspjöll

Tvö skemmdarverkamál hafa komið til okkar og er það enn og aftur ráðgáta hvað það er sem veldur þessari áráttu að endalaust vera að skemma fyrir öðrum. Manni dettur stundum í hug atriði eins og það að hvað mundi þessum hinum sömu finnast um það ef vaðið yrði að þeirra eigum og þær skemmdar.

Hvað er að hjá öikumönnum

Síðast var ég að hrósa öikumönnum fyrir það hversu mikið hafði dregið úr hraðakstri bæði hér í bænum sem og upp á vegi. En hvað gerist þá? Þrír öikumenn teknir fyrir ölvun við akstur. Þá er nú betra að aka einhverjum kílómetrum of hratt en aka ölvaður. Til er máltæki sem segir að „dag skal að morgni lofa en mey að kvöldi“. Ég held að menn átti sig ekki á því hversu alvarleg staða þeirra er ef þeir valda óhöppum eða slysum. Menn geta orðið öreigar eftir eina kvöldstund við slíka iðju.

Umferðin áfram

Takið nú eftir kærri bæjarbúar. Aðeins einn ökumaður var kærður fyrir of hraðan akstur á þessum tíma og ég segi bara bravo í þeim málaflökki. Hins vegar hafa orðið hér átta umferðaróhöpp en sem betur fer flest minniháttar.

Útan dagskrár

Ég ætla nú að slá á léttari strengi eftir þessi reiðiskrif. Framundan eru hátíðisdagarnir með öllum þeim vambkýlingum sem þeim tilheyra. Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi að fá í hendurnar uppskriftabæklinginn „Beint í mark“ sem allir hér í bæ ættu að þekkja. Þar í eru margar góðar uppskriftir frá krökkunum í Aftureldingu. Meðal annars er ein uppskrift að kröftugri fiskisúpu sem ég hef prófað frá Kristínu Þóru, og það get ég sagt að miðað við gæði hennar á ég eftir að prófa marga aðra spennandi rétti úr þessum uppskriftabæklingi.

Með þessu óskum við lögreglumenn í Mosfellsbæ öllum bæjarbúum gleðilegra jóla
Hörður Jóhannesson, aðalvarðstjóri

SKÖTUHLAÐBORD

í hádeginu á Þorláksmessu



Söltuð skata, kæst skata, tindabikkja, spænskur saltfiskréttur, plockfiskur, saltfiskur, hákarl, síldarréttir, paella, fiskipaté, tartalettur, rauðsprettu, fiskigratin, paté og fl.

Borið fram með rúgbrauði, rófum, kartöflum, hnoðmör, smjöri, hömsum, hangifloti og fl.

Vinsamlegast pantið borð tímanlega
í síma: 566-6195 eða 566-8215.



Dúettinn
HLJÓMUR
með lifandi tónlist



Helgárdur

VEISLUGARÐUR
Veisluþjónustan Hlégarði
Háholli 2, 270 Mosfellsbær
Sími 566 6195, Fax 566 6097

BYMOS

Byggingarvöruverslun Mosfellsbæjar
Háholli 14, sími 586 1210

Jólavörur á góðu verði



Opnunartími:

mánudagar-laugardagar 10:00-19:00

Sunnudagar 10:00-16:00

JÓLATRJÁASALA

í Hamrahlíð
við Vesturlandsveg



Föstudagur	22. des.	kl. 10 - 16
Þorláksmessa	23. des.	kl. 10 - 16

Liðveisla

Starf með fötluðum

Sjúkrasambýlið Hlein óskar eftir starfsfólki til að sinna liðveislu fyrir íbúa sem þar búa.

Um 20% stöðu er að ræða með sveigjanlegum vinnutíma sem unnin er seinniparts dags, kvöldin og eða um helgar. Starfið hentar því vel fyrir námsmenn eða sem aukastarf.

Áhugasamir hafi samband við Dís
Nielsdóttur forstöðuproskafálfa
Hleinar í síma: 525-2091 eða
senda tölvupóst í hlein@reykjalandur.is





Jólamarkaður í Félagsgarði í Kjós

Árlegur jólamarkaður var haldinn í Félagsgarði helgina 8. og 9. desember. Fór allt vel fram og una bæði söluaðilar og viðskiptavinir hag sínum vel að honum afloknum. Heimareykta sauðakjötið varð fljótt uppselt og góð sala var í nautakjöti og fiskmeti úr Þingvallavatni. Sama má segja um aðrar vörur sem á boðstólum voru. Þá gekk veitingasala kvenfélagsins vel, enda veitingar ríkulegar.



Jólaljós, tónleikar kirkjukórsins

Stórtónleikar kirkjukórs Lágafellssóknar sem halda átti 16. desember s.l. var frestað vegna ófyriréðra ástæðna. Tónleikarnir verða hinsvegar haldnir í Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 28. desember kl. 20.00. Tónleikarnir eru til styrktar Fjölskylduhjálpar Íslands. Kirkjukór Lágafellssóknar ásamt hópi þekktra listamanna halda tónleikana og er aðgangseyrir 2.500 kr.



Purrt og hlýtt í jólatrjáasölu UMFA

Þessa dagana er handknattleiksdeild Aftureldingar að selja jólatré í húsinu þar sem Nóatún var áður, við hlið Kjarna. Salan er innanhúss og allur hagnaður rennur til handknattleiksdeildarinnar. Mikið úrval er af fallægum trjám. Það er opið kl. 17-20 nema lokadaginn, laugardaginn 22. desember, frá kl. 13-20.

Líður að jólum

Bráðum koma blessuð jólin, börnin fara að hlakka til." Þessa laglínu þekkja flestir og syngja með börnunum sínum á þessum árstíma þegar líður að heilagri jólahátíð.

Við segjum að jólin séu hátíð barnanna, og viljum þá með þeim orðum allt eins segja að þau séu hátíð sem snertir barnið sem býr innra með hverri manneskju sama hversu gömul hún er. Það er margt sem vaknar til vitundar mannsins á þessum tíma í undirbúningi jólaanna. Gömlu jólin, bernskujólin, jólin hér og jólin þar, "jólin þegar við ..." eða "jólin áður en ..." Þættir úr sögu fjölskyldunnar eru rifjaðir upp, gamlar sögur, minningabrot sem veita yl og birtu inn í dímasta skammdegið. Maðurinn tekur á móti þeim eins og kærur, góðum vini. Stundum áttar hann sig á því að í þessum minningarbrotum leynist fjársjóður sem hann var aldrei fyllilega búinn að skoða eða meta að verðleikum. Maðurinn lítur hver ný jól með augum reynslunnar. Jólin í ár eru ekki þau sömu og þau voru í fyrra, vegna þess að eitthvað hefur breyst, jafnvel hefur allt breyst. Það þýðir ekki að jólin verði verri eða betri eða að hið kristna innihald þeirra breytist. Lífið verður ekki sett undir mælistiku tvíhyggjunnar. Maðurinn leitast sífellt nýrrar merkingar í tilvist sinni eða hún kemur, veitist honum fyrirvaralaust í þeirri birtu sem af jólun-

um ljómar. Kærleiksljósi Guðs, sem gerir alla hluti nýja.

„Og orðið varð hold, hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika, og vér sáum dýrð hans, dýrð sem sonurinn eini á frá föðurnum ..."

Af gnægð hans höfum vér allir þegið, náð á náð ofan."

Enn og aftur munum við í ár, eins og um sérhver jól, heyra um hina dýrmætu gjöf sem Guð veitir okkur á jólanótt, þá gjöf sem er svo óheyrliga dýrmæt og dýr að við getum aldrei endurgoldið hana. Það er ekki hægt að borga Guði, kaupa Guð. Guð krefst hins vegar að kærleikur ríki á milli manna.

Guð krefst þess að við minnumst þess sem við lærum af reynslu okkar, að við gleymum því ekki að við eigum að standa saman hvert með öðru og sýna samhug.

Einmitt aðventan og jólin, sá tími sem genginn er í garð, býður okkur að leita uppi náunga okkar sem þarfnast stuðnings og kærleika og veita þeim af gnægtum okkar.

Gleðjumst og þökkum það kraftaverk, það ævintýri sem okkur er veitt á hverjum degi að Jesús Kristur lifir mitt á meðal okkar! Orðinu er sáð og boðskapur jólaanna lifandi í hjörtum okkar. Þetta er náðargjöfin sem hann kallar okkur til að

Jólahugveikja

Jólabasar á Skálatúni

Jólabasar var haldinn í dagþjónustunni á Skálatúni fyrr í desembermánuði. Er þetta í fyrsta sinn sem basarinn er haldinn og tókst það vel til, að hann verður svo sannarlega haldinn að ári. Galleríð á Skálatúni er opið alla virka daga frá 8-15 og má þar finna vandaða vöru sem vistmenn hafa unnið.



Anna Stína, Gísli og Guðrún tóku vel á móti gestum og gangandi.



Lóa og Anna María komnar í jólaslap.



Allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi.



deila hvert með öðru um jólin og alla daga, sama hver geta okkar eða aðstæður eru.

Á jólanótt í myrkasta vetrarmyrkri fæddist barn, sem gefur okkur von og fyrirheit um hjálp og frelsun. Undirbúningur okkar og jólahald er viðleitni okkar til að bjóða þetta barn, vonina, ljósið í lífi okkar velkomið; taka á móti mætti kærleikans sem brýtur alla múra á milli manna og varpar birtu á gleymda og geymda fjársjóði í hjörtum okkar. Tökum á móti honum í hjarta og sál, elskum allt það sem hann veitir okkur, látum það vera grundvöll lífs okkar og siðgæðis - hann er sannleikur eilífs frelsis.

Megi vonin, ljós jólaanna ríkja í þínu hjarta nú og að eilífu og veita birtu inn í líf þar sem skortur og myrkur hugans ríkir.

Guð gefi okkur öllum gleðilega jólahátíð.

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir



Dísa og Halldór Bjarni hafa unnið dag og nótt á vinnustofunni við undirbúning.



Sírrý, Garðar og Margrét voru ánægð með vel heppnaðan jólabasar.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Sorphirða í desember

Sorphirða milli jóla og nýárs verður þann
27. desember síðan 2. og 3. janúar 2007.



Af gefnu tilefni eru
húsráðendur hvattir til
að merkja húsinn með
húsnúmerum og moka
frá sorptunnum ef
þannig viðrar um jólin.

Tækni- og umhverfissvið
óskar bæjarbúum
gleðilegra jóla



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

*Mosfellsbær óskar
öllum Mosfellingum
gleðilegra jóla og farsællar
á nýju ári.*

Morgunvinna



Ræstingar og mótuneytisumsjón

Við leitum að starfsmanni til að starfa við ræstingar og mótuneytisumsjón í **Mosfellsbæ**. Í starfinu felst m.a. móttaka matar frá miðlægu eldhúsi ISS og framreiða hann ásamt ræstingum. Vinnutími er frá klukkan 10:00 - 14:00 og vinnuhlutfall er 50%.

Upplýsingar um starfið veitir Ólöf í síma 5 800 600 og einnig á heimasíðu www.iss.is



ISS Ísland er leiðandi fyrirtæki á sviði fasteignaumsjónar. ISS býður upp á þjónustu á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaíðnaði, hreingerninga, mótuneytisumsjón og fleira.

Hjá ISS starfa yfir 850 manns á aldrinum 16 - 80 ára.



í Mosfellsbæ

leitar að starfsfólki

... sem býr yfir framúrskarandi
þjónustulund, er jákvætt, sýnir
frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu
og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavinum!

World Class eftir starfsmönnum í ræstingu
í stöð okkar í Mosfellsbæ.

Um er að ræða hálfstarf – vaktavinnu og óskað
er eftir því að starfsmaður geti byrjað fljótlega.
Umsjón með ráðningu hefur Alfa Regína Jóhannsdóttir,
alfa@worldclass.is

We are looking for people in our cleaning-department
in Mosfellsbær.

The job offers only shift-work and it would be great if
applicants could start working soon.

For further information please contact
Alfa Regína Jóhannsdóttir, alfa@worldclass.is

MOSFELLINGUR.IS



Árleg jólasýning fimleikadeildarinnar að Varmá **Glæsileg fimleikasýning**



Jólaball

*Híð árlega jólaball Mosfellsbæjar verður
haldið í Hlégarði þann
27. desember 2007 kl. 17:00.*

Edda Borg og hljómsveit skemmta!

*Verð: 700 kr.
Gleðileg Jól*

*Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar og
Hlégarður*

Óskum bæjarbúum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýja ári

AFLTAK EHF.

Völuteigur 1 · 270 Mosfellsbær




HÁHOLTI 14 S. 586 8040

STYRKJUM ÖFLUGT SJÁLFBODALIÐSSTARF Í OKKAR HEIMABYGGÐ



Opnunartímar:

28. des 10-22
29. des 10-22
30. des 10-22
31. des 10-16



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA



BJÖRGUNARSVEITIN
KYNDILL
MOSFELLSBÆ

Sölustaðir eru að Völuteigi (björgunarsveitarhúsið), við Þverholt í gamla Nóatúnshúsinu, og við Baugshlíð.

Björgsveitin Kyndill sér um flugeldasýningar á áramótabrennu og á þrettándanum.



Bergur
Steingrímsson
Lögg-
fasteignasali



Axel Axelsson
Framkvæmdast.
Sölufulltrúi
865 6565



Björn Þór
Hannesson
Sölufulltrúi
865 6565



Vilhelm
Guðbjartsson
Sölufulltrúi
661 7497



Sjöfn
Finnbjörnsdóttir
Sölufulltrúi
848 5309



Garðar
Skarphéðinsson
Sölufulltrúi
893 0082



Högni Kjartan
Þorkelsson
Sölufulltrúi
692 9532



Anton Máni
Svansson
Sölufulltrúi
615 0005



Jóhannes Kristján
Guðlaugsson
Sölufulltrúi
659 7579



Þór E.
Pálsson
Sölufulltrúi
846 9433



Vilbergur
Gestsson
Sölufulltrúi
659 9945



NÝTT ÁR NÝIR MÖGULEIKAR ?

- * Ertu öflugur sölumaður, heiðarlegur og traustur ?
Sölufulltrúi óskast á RE/MAX Ping.
Sendið upplýsingar um menntun og fyrri störf á axel@remax.is



Anna Margrét
Bjarnadóttir
Sölufulltrúi
892 0684



Hrönn
Ingólfssdóttir
Sölufulltrúi
692 3344



Óli Gísli
Sveinbjörnsson
Sölufulltrúi
822 8283



Aðalbjörg
Angantýsdóttir
Skrifstofustjóri

FRÍTT VERÐMAT
FYRIR SÖLU

Hringdu núna

412 3300

RE/MAX
Þing



Það var örlagaríkur dagur í lífi Ástu Jónsdóttur og fjölskyldu þann 12. desember 2004 þegar fjölskyldufaðirinn var skyndilega hrifinn burt úr þeirra lífi

Lífið heldur áfram

Gjörðu svo vel og gakktu í bæinn, má ekki bjóða þér nýlagað kaffi og með því, segir Ásta er hún tekur á móti mér á heimili sínu að Efri-Reykjum, tíkin hún Týra fylgir húsmóðurinni um hvert fótmál og fylgist vel með framvindu mála.

Ásta sem er fædd árið 1950 er alin upp á Suður-Reykjum hér í bæ. Hún er dóttir hjónanna Hansínu Margrétar Bjarnadóttur húsmóður og Jóns Vigfúsar Bjarnasonar garðyrkju-bónda og síðar eggja og kjúklinga-bónda, hún er elst fjögurra systkina en yngri eru bræðurnir Bjarni Ásgeir, Kristján Ingi og Baldur.

Er ég spyr Ástu út í bernskuminn-ingarnar þá brosir hún og segir, það var skemmtilegast að vera úti í útileikjunum sem bara eldra fólk man eftir í dag eins og teygjó, brennó, yfir og hvað þeir heita nú allir, sérstaklega var gaman að vera í þeim eftir kvöldmat á sumrin. Vinnan í gróðurhúsunum hjá pabba er mér líka minnisstæð og þar eyddi maður mörgum stundum oft með góðum vinkunum.

Skólarútuna fékk maður að taka eftir að maður byrjaði í gagnfræðaskóla en fyrir þann tíma fékk maður stundum far með mjólkurbílnum sem keyrði á milli bóndabæja sem voru þó nokkuð margir á þeim tíma. Blóferðirnar til Reykjavíkur áttu sér sérstöðu, ferðin tók einn og hálfan tíma fram og til baka og vegirnir voru holóttir og vondir. Oftar en ekki var farið í Gamla eða Nýja bíó, rútan fór allaf mjög snemma kvölds sína síðustu ferð til baka þannig að maður sá aldrei restina af myndinni. Svo var það bara heppni ef maður hitti einhvern sem var búin að sjá sömu mynd og gæti sagt manni hvernig hún endaði, þannig var þetta í þá daga segir Ásta og hlær.

Hjúkrunarnámið heillaði

Á unglingsárunum var ég meira og minna í barnfóstrustörfum, fyrst yfir sumartíma í Edinborg og síðan hjá sitthvorri fjölskyldunni í Bandaríkjunum eða í rúm tvö ár. Eftir að ég kom heim fór ég í Húsmæðraskólan í Reykjavík og þaðan í Hjúkrunarskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 1973. Eftir útskrift starfaði ég á Borgarspítalanum, Reykjalundi og á Droplaugastöðum og þaðan á ég dýrmætar minningar.

Kynntumst í Glaumbæ

Ég kynntist manninum mínum Ragnari Björnssyni í Glaumbæ, hann var á þeim tíma orðinn búfræðingur frá Hvanneyri og var í vinnu hjá föður sínum Birni R. Einarssyni sem rak túnþökufyrirtæki. Raggi eins og hann var ávallt kallaður átti stóran draum og það var að verða bóndi, hestamennskan var honum líka í blóð borin og hann vann oft við sveitastörf á sumrin.

Við giftum okkur í febrúar 1973 og bjuggum þá í Reykjavík en árið 1979 fluttum við í Mosfellssveitina í hús-ið okkar sem við byggðum að Efri-Reykjum. Við eignuðumst þrjá syni þá Jón Davíð, Björn Inga og Jóhann Óskar. Tilvonandi tengdadætur eru þær Stefánía Margrét, Lovísa Rut og Hildur María. Barnabörnin okkar eru tvö þau Ásta Margrét átta ára og Ragnar Ingi sjö mánaða og gaman að þau skulu vera skíró í höfuðið á okkur Ragga.

Ragnar lærði framreiðslu í Hótel og Veitingaskóla Íslands og eftir nám starfaði hann sem þjónn á Hótel Loft-leiðum í mörg ár, hann vann líka ötullega að félagsmálum starfsfólks Loftleiða.

Ég starfaði sem dagamma í mörg ár eftir að yngsti sonur okkar fæddist en árið 1997 réði ég mig í vinnu að



MOSFELLINGUR


Víðinesi á Kjalarnesi og tók við sem deildarstjóri þar eftir að það varð að hjúkrunarheimili og ég starfa þar enn.

Stofnuðum Western Fried

Við hjónin stofnuðum veitingastaðinn Western Fried árið 1985 ásamt vinahjónum okkar og rákum hann til ársins 1994, það var bæði skemmtilegur og erfiður tími segir Ásta, maður sá ekki bónda sinn mik-ið um helgar þar sem vinnutíminn var þess eðlis, síðasta árið opnuðum við svo vinnuveitingastaðinn Skálafell og fengum hljómsveitir til þess að spila hjá okkur um helgar en það dugði ekki til, reksturinn gekk einfaldlega ekki nógu vel svo við tókum þá ákvörðun að hætta honum. Raggi fór eftir þetta að vinna við smíðar og í veislusal hjá vini sínum, en í ársbyrjun 1996 fékk hann vinnu hjá Bræðrunum Ormsson og sá um sölu á Beck's bjór, við það fékk hann viðurnefnið Raggi Beck's.

20 ár í björgunarsveitinni

Slysavarnamál voru Ragga mín-um hugleikinn segir Ásta og í 20 ár starfaði hann í Björgunarsveitinni



Ásta fjögurra ára og á öðru ári í hjúkrun.

Kyndli, hann var með þeim fyrstu sem stofnuðu unglíngadeild innan Slysavarnafélags Íslands þar sem hann starfaði sem erindreki og ferðaðist víða um landið.

Ein af ferðum Ragga er mér minnisstæð segir Ásta, það var þegar hann fór ásamt Birni Inga syni okkar og vinum þeirra, þeim Steina Te, Lalla Einars og Sigga Ingimars, á Vatnajökul og þeir ákváðu að verða manna hæstir á Íslandi. Farið var í fallegu veðri og gist á Hofi í Öræfum og að morgni dags var farið á vélsleðum upp á Hvannadalshnjúk, þar var settur upp sex metra stigi og allir klifruðu upp til að verða hæstir



Fjölskyldan á fermingardeggi Jóhanns Óskars árið 2002. Ásta, Ragnar og bræðurnir Jón Davíð, Jóhann Óskar og Björn Ingi.

allra, við þessi tímamót var tilefni til að flagga.

Haraldur Henrysson átti samleið með Ragnari á vettvangi Slysavarnafélags Íslands og hann lýsir honum svo: Í minn huga kemur mynd af glaðbeittum röskum manni sem ætíð bar með sér ferskleika og var öðrum hvatning til dáða. Hann bjó yfir miklum skipulagshæfileikum og það var engin lognmolla þar sem Ragnar fór og var, honum var einkar lagið að hleypa fjöri í umræður á fundum og með ríkulegri kímni áföngu sinni tókst honum iðulega að fá fólk til þess að sjá skoplegar hliðar mála og stuðla þar með að léttu andrúmslofti. Hann var ákaflega hlýr og góður vinur, ávallt reiðubúin til hjálpar og úrræðagóður. Hann eignaðist líka marga vini um allt land í röðum slysavarnafólks sem sakna hans mjög.



Ragnar Björnsson að störfum með björgunarsveitinni í snjóbílnum Rata.

Slysavarnastarfið spannar geysivítt svið og snertir í raun alla þætti mannlegs samfélags, það er mjög gefandi og skilur eftir tilfinningar sem erfitt er að lýsa en góðvinur Ragnars, Örlýgur Hálfðanarson, lýsti störfum Ragnars vel í sýnum hinstu orðum til vinar síns: Það duldist engum sem kynntust Ragnari að hann hafði alla þá eðlisþætti til að bera sem gerðu hann ósjálfrátt að frábærum foringja og björgunarmanni. Hann var fæddur bjartsýnismaður, góðviljaður, hjálpsamur og úrræðagóður. Það stafaði frá honum manngæsa í bland við glettni og græskulaust gaman, honum var hægt að treysta. Hann styrkti þessa mikilvægu björgunartaug sem hann mat svo mikils og var tilbúin að fórna svo miklu fyrir.

Sameiginleg áhugamál

Ferðalög um landið var sameiginlegt áhugamál okkar hjóna og Þórsmerkur ferðirnar voru sérstaklega vinsælar, þar var algjörlega hægt að gleyma stað og stund segir Ásta dreymin á svip.

Síðustu árin ferðuðumst við meira út fyrir landsteinana og upp-



Fedgarnir Ragnar og Björn Ingi á toppi Hvannadalshnjúks árið 1990, stoltir af fjölskyldufyrirtækinu.



Á brúðkaupsdeginum, 3. febrúar 1973.

götvuðum hvað það var gaman að taka flug og bíl og þeysa eitthvað út í buskann.

Í nóvember árið 2004 skelltum við okkur í þriggja vikna ferð til Bandaríkjanna og áður en við fórum af stað vorum við margvöruð við að vera ekki ein á ferð og læsa alltaf bílnum og allt þar eftir götunum. Við fundum aldrei fyrir hræðslu þarna úti og ferðin var í alla staði frábær, við fórum í siglingu til Bahamas, fórum á bílasýningu og keyrðum meðfram ströndinni í yndislegu veðri.

Örlogaríkur dagur

Þegar vika var liðin eftir heimkomu ferðar okkar var aðventan gengin í garð og allir á fullu við undirbúning jólaanna, jólahlaðborð beggja vinnustaða okkar hjóna var haldið sama kvöld þann 11. desember og við ákváðum að skella okkur á sitt hvorn staðinn og hittast svo heima á eftir, eftir heimkomuna fórum við svo ásamt fleira fólki á sveitakránnu hér í bæ, sú ákvörðun átti eftir að hafa með sér miklar afleiðingar því Raggi var slegin niður inni á staðnum af ungum manni og það högg varð honum að bana, glas hafði brotnað í anddyrinu og glerbrotin voru út um allt á gólfinu. Raggi var að sporna við því að engin stígi í þau þegar höggið bar að, það er sorglegt að einmitt þetta skyldi vera frumorsök að dauða hans, manni sem ávallt var reiðubúin til hjálpar. Banaður hans ber þungan kross út í lífið, þrjú ár eru nú liðin frá þessum örlogaríka degi.

Eftir þennan dag kom upp mikill tómleiki og erfitt var að horfast í augu við framtíðina án Ragga. Við stóðum þétt saman ég og strákarnir okkar en erfiðast fannst okkur þessi langa bið eftir dómsúrskurði banamannsins og að þurfa að mæta fyrir rétti og rífa þetta allt saman upp. Það má eiginlega segja það að ég sé fyrst núna tilbúin til þess að tjá mig um þessi mál og það við Mosfelling, fjölmiðil sem ég treysti.

Eftir þennan atburð hringdi ég til vinafólks í Bandaríkjunum sem ég kynntist sem unglingur og tilkynnti þeim um andlát Ragga. Dóttir þeirra hafði hug á að koma til Íslands á sínum tíma. Ég sagði þeim að henni væri alveg óhætt að koma því glæpir væru fátíðir á Íslandi. Í samtali okkar minntu þau mig á atburð sem ég hafði sagt þeim frá. Það var árið 1968 að maður var myrtur á Íslandi og þeim fannst mjög skrítið hvað ég tók

það nærri mér af því ég þekkti manninn ekki neitt. Svona getur lífið verið óútreiknanlegt.

Hlýtt hjartabel í vöggugjöf

Foreldrar Ragnars eru þau Ingi-Björg Gunnarsdóttir og Björn R. Einarsson. Hann átti fjögur systkini þau Gunnar, Björn, Ragnheiði og Odd, og einn hálfbróður samfeðra Jón.

Ragnar bróðir hlaut í vöggugjöf hlýtt hjartabel móður okkar, fegurð og manngæsku skrifar Oddur bróðir hans í sinni hinstu kveðju. Hann vildi öllum vel og leið best ef hann væri að gera eitthvað fyrir aðra, redda hlutunum, það var hans still.

Það varð Ragnari mikil gæfa að komast vetrarlangt í ráðsmennsku til Jóns stórbónda Guðmundssonar á Reykjum í Mosfellssveit því á næsta bæ bjó ung heimasæta. Raggi ákvað strax að hún yrði sín, ekki spillti nú fyrir að hún þótti fegurst fljóða í sveitinni. Ekki lét hann það á sig fá þótt hann yrði að hafa svolítið fyrir því að sannfæra tilvonandi tengdamóður um væntanlegan ráðahag sinn. Henni leist nú bara rétt svo á strákinn sem var að moka undan hænsunum hjá Jóni, en á endanum heillaði hann Haddý upp úr skónum eins og hann gerði ævinlega við samferðafólk sitt og varð heimili tengdaforeldra hans sem hans annað heimili.

Ræktarsemi Ragnars við eldri kynslóðirnar var engu lík og naut hann þess að líta inn hjá ættmennum sínum er mörg lifðu vel og lengi.

Systkinabörnum sínum var hann goðsögn í lifanda lífi, sveipaður ævintýraljóma, og ávallt umvafinn vinum og kunningjum.

Kaldhæðni örlaganna

Aldrei hefði maður trúað því að lífið gæti tekið jafn skyndilega aðra stefnu eins og raun bar vitni, vera nýkomin heim frá landi þar sem

glæpir eru tíðir á hverju götuhorni og missa svo manninn sinn í okkar eigin heimbæ, sjálfri sveitinni, það er kaldhæðni örlaganna segir Ásta alvarleg í bragði.

Framundan var erfiður tími, tími sorgar, og öll framtíðarplön breyttust eins og hendi hefði verið veifað.


Er ég spyr Ástu hvernig henni hefur tekist að vinna úr sorginni segir hún: Í fyrstu var ég ekki að trúa því að þetta hafi gerst, ég missti móður mína í ágúst sama ár og var enn að jafna mig á því þegar þessi atburður gerist. Það var svo gott að eldast með Ragga mínum og við vorum



Ásta og Ragnar á Flórída í nóvember 2004. Síðasta myndin sem tekin er af þeim hjónum. Ragnar lést skömmu síðar.

búin að gera mörg framtíðarplönin saman, en það þýðir ekkert annað en að halda áfram og líta á björtu hliðarnar og það hef ég gert. Ragnar var mjög opin persónuleiki og notaði óspart falleg orð í minn garð og sorgin hefði orðið miklu meiri og erfiðari ef þessi orð hefðu aldrei verið sögð, þau lifa í hjarta mínu og frá minningu hans stafar heiðrík birta, segir Ásta að lokum.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni



Ásta með gullmolunum sínum, barnabörnunum Ástu Margréti og Ragnari Inga.



Bónus fyrir handboltann

Nú er komið jólafrí hjá leikmönnum meistaraflokks karla í handknattleik, a.m.k. það sem snýr að keppni í úrvalsdeild. Strákarnir hafa staðið sig nokkuð vel þrátt fyrir að alltaf megi gera betur. Staðan á stigatöflunni segir sitt en oft höfum við verið klaufar og sjálfum okkur verstir í leikjum sem hafa verið jafnir og við átt möguleika á að krækja í bæði stiginn. Nú er bara að horfa björtum augum fram á veginn og gera betur á nýju ári.

Fjölmargir aðilar hafa komið að starfinu á þessu ári og eru helstu styrktaraðilar lífsnauðsynlegir

deildinni og ber þeim að þakka margfalt fyrir stuðninginn. Nú á dögumum bættist Bónus í hópinn og var þessi mynd tekin við það tækifæri, en á sama tíma fór fram Skólamót HSÍ í handbolta þar sem krakkar fæddir 1996 frá Varmárskóla og Lágafellsskóla kepptu um sæti í úrslitakeppni Litla-EM sem verður í janúar jafnhliða lokakeppni EM í handknattleik karla.

Á myndinni má sjá Jón Frey Sigurðsson frá hkd Aftureldingar, Svan Valgeirsson frá Bónus og hluta af þeim hópi krakka sem keppti á skólamótinu.



Vel heppnaðar morgunæfingar hjá 3. og 4. flokki Knattspyrnuskóli UMFA

Fyrir skömmu stóð knattspyrnudeild Aftureldingar fyrir knattspyrnuskóla sem var fyrir stráka og stelpur í 3. flokki og 4. flokki. Æfingarnar fóru fram á morgnana tvisvar í viku áður en krakkarnir fóru í skólann og fengu þau að kynna ymsum einstaklings miðuðum æfingum sem kemur til með að nýtast þeim mjög vel. Æfingarnar stóðu yfir í fjórar vikur og fengu krakkarnir jako búning og boðið var uppá morgunmat áður en þau fóru í skólann. Tæplega fjórtíu krakkar tóku þátt í knattspyrnuskólanum.

Þjálfarar voru þau Ólafur Ólafsson, Gareth O'Sullivan, Bjarki Már Sverrisson og Guðný Björk Óðinsdóttir. Gestþjálfari var Elín Pálmadóttir.



Ólafur hættir sem yfirþjálfari

Ólafur Ólafsson hefur sagt upp starfi yfirþjálfara Knattspyrnudeildar Aftureldingar og hættir 29. febrúar á næsta ári. Hann mun áfram þjálfa meistaraflokk Aftureldingar í karlaflokki, en hann leikur í 2. deild á næsta sumri.

Ástæðan fyrir uppsögn Ólafs er sú að hann hefur verið ráðinn íþróttafulltrúi Víkings og það fer ekki saman við yfirþjálfarastarfið hjá Aftureldingu þar sem í starfi íþróttafulltrúa Víkings felst m.a. að vera yfirþjálfari allra flokka félagsins. Ólafur tekur við nýju starfi á næstu vikum. Ólafur er vafalaust einn af allra bestu yfirþjálfurum landsins og við brottför hans verður höggvið stórt skarð í raðir Knattspyrnudeildar Aftureldingar. Ólafur hefur unnið mikið og gott starf fyrir Knattspyrnudeild Aftureldingar og á mjög stóran þátt í þeirri miklu uppbyggingu sem átt hefur sér stað í blómlegu starfi þeirra fjórtán flokka barna og unglunga sem eru innan vébanda knattspyrnudeildarinnar.



Kveðjur frá handknattleiksdeild

„Gömlu Aftureldingarkempurnar Ernir Hrafn Arnarsson, sem nú spilar með Val og Einar Ingi Hrafnsson, sem nú spilar með Fram, hafa skipað sér á bekk með bestu handknattleiksmönnum Íslands. Handknattleiksdeild Aftureldingar vildi sýna þeim virðingu og þakklæti þegar þeir komu að Varmá hér um daginn og léku í fyrsta sinn á móti sínu gamla liði. Við vitum að Aftureldingahjartað slær enn í brjósti þessara stráka og erum stolt yfir að þeir hafi alist upp í Aftureldingu samhliða mörgum af okkar frábæru meistaraflokksleikmönnum.“



Mikilvægi þess að hafa börnin okkar í íþróttum Skemmtilegt í karate

Það er mikils virði að hafa barnið sitt í skipulagðum æfingum hjá íþróttafélagi. Það hefur gríðarlega mikið forvarnargildi og eykur einnig félagsshæfni barnsins. Þjálfarinn, félagarnir og aðstaðan, allt skiptir þetta máli til að barnið geti notið þess að stunda íþróttina. Það er einnig mikilvægt að barnið sé að æfa íþrótt sem hefur góða umgjörð og er stýrt af góðri stjórn.

Karatedeildin hefur verið að gera góða hluti í vetur. Starfið hefur verið að ganga vel og eru margir krakkar og unglingar sem eru að æfa reglulega.

Þeir náðu til dæmis afburðarárangri á móti nýverið. Til þess að ná slíkum árangri hafa þau verið að æfa vel í vetur. Æfingarnar eru 3 í viku og

hægt er að sjá stundatöfluna á www.afturelding.is/karate

Karate er íþrótt sem allir geta stundað. Krakkarnir tileinka sér góðan aga og margbreytilegar hreyfingar sem nýtast þeim í ýmsu öðru. Þeir sem æfa eru yfirleitt að keppa í kötu sem eru fyrirfram ákveðnar hreyfingar sem 3 gera saman og gefin eru stig fyrir takt, tækni o.s.frv. Einnig keppa þau í Kumite þar sem 2 keppa á móti hvor öðrum og reyna að skora stig með því að koma höggi á andstæðingin. Karate er því fjölbreytt og skemmtileg íþrótt.

Allir eru velkomnir í prufutíma en æfingar hefjast eftir áramót í annari viku.

Gleðilega hátíð.
Stjórnin

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf.
Þverholti 2
Kjarna



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is



ÞRETTÁNDINN 2008

Hin árlega þrettándabrenna Mosfellsbæjar
verður sunnudaginn 6. janúar 2008

Blysför leggur af stað frá Bæjarleikhúsinu kl. 20

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar leikur, fjöldasöngur undir stjórn Reykjalundarkórsins.
Álfakóngur, Álfadrottning, Grýla, Leppalúði og þeirra hyski verða á svæðinu.



Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar
Leikfélag Mosfellssveitar
Björgunarsveitin Kyndill
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar
Skátafélagið Mosverjar

**Glæsileg
flugeldasýning!**

Vegna framkvæmda eru engin bílastæði við félags-
heimili hestamanna. Vinsamlegast ekki leggja bílunum
í hestúshverfinu, næg bílastæði við Þverholt.



www.mos.is



MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Opnunartímar Sundlaugarinnar að Varmá Jól og áramót 2007

Símar: 566-6254 & 566-6754,
netfang: sport@mos.is

Aðfangadag	06:15 til 12:00
Jóladag	Lokað
Annan dag jóla	09:00 til 18:00
Gamlársdag	06:15 til 12:00
Nýársdag	Lokað

Aðra daga opið eins og venjulega:

Virkir dagar	06:15 til 21:00
Helgar	09:00 til 18:00

Opið

allan sólarhringinn



Við erum við Esso stöðina
Háholti í Mosfellsbæ,
Reykjavíkurvegi Haf.
og í Bæjarlind Kóp.

LÖÐUR

- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! - Sími 544 4540



Starfsmenn leikskóla Mosfellsbæjar stofna kór

Bjartsýni og gleði

Samkór starfsmanna leikskóla Mosfellsbæjar kom fram í fyrsta skipti fimmtudaginn 13. desember í Kjarnanum. Kórinn var stofnaður í lok október og hefur æft einu sinni í viku síðan. Kjörórð kórsins eru bjartsýni og gleði.



Stelpurnar á Texture fengu frábærar móttökur

Hártískan 2008

Stelpurnar á Texture héldu á dögunum hársýningu á Apótekinu ásamt 4 öðrum stofum, þeim á Solid, Jóa og Félögum, Stofan og Space. Margt var um manninn og rosa gaman. Til sýnis var hártískan sem koma skal árið 2008. Um förðun á módelunum sáu þær Eva Björg og Adda Stína.



Æskan og ellin

6. bekkir grunnskólanna fóru með árlegar jólagjafir til eldri borgara á Hlaðhömrum. Verkefnið ber heitið Æskan og ellin og er í samvinnu við Rauðakross Íslands. Börnin vöktu mikla lukku við pakkaúthlutunina og ríkti gleði og friður í hjörtum ungra sem aldna.



Stærsti menningarviðburður ársins í Mosfellsbæ?

Ekki veit ég hvort þessi fullyrðing sé alveg hundrað prósent rétt en eitt er víst að á bilinu 1700-2500 áhorfendur hafa sótt atburði á vegum handknattleiksdeildarinnar nú á haustmánuðum.

Áhorfendur sem í flestum tilfellum sækja leiki meistarflokks aðra hverja viku eða svo til að upplifa spennu og skemmtun, hitta aðra Mosfellinga og sjá leikmenn gera sitt besta í hvert sinn á móti liðum, sem mörg hver hafa á að skipa landsliðsmönnum og erlendum atvinnumönnum. Stráka sem æfa 6-7 sinnum í viku og hafa spilað a.m.k. vikulega og oftast síðustu fjóra mánuði.

Ef við skoðum aldursskiptinguna í meistaraflokki karla í dag þá er stór hluti meistarflokksmanna á þeim aldri að þeir voru drengir eða unglingar þegar lið Aftureldingar var upp á sitt besta í kringum 1998-2000 og unnu alla titla sem voru í boði. Sem aftur sýnir hvað miklar fyrirmyndir afreksfólk er fyrir unga iðkendur í íþróttum.

Liðið í dag er mjög ungt en meðalaldrur leikmanna er 22,5 ár og þá er hinn síungi þjálfari liðsins Bjarki Sigurðsson ekki meðtalinn. Meirihluti leikmanna er uppaldir í Mosfellsbænum en í raun eru aðeins tveir aðkomumenn og enginn útlendingur í liðinu þar sem Alexander Popov snýr aftur til Búlgaríu fyrir jól.

Flest önnur lið í deildinni eru með



tvo, þrjá og jafnvel fleiri útlendinga og marga aðkeypta leikmenn sem hafa kostað margar milljónir sumir hverjir. Fyrir þá sem ekki þekkja þá er í kringum svona lið alveg heilmikið batterí sem allt þarf að ganga eins og vel smurð vél.

Ómetanlegt starf stjórnarmanna og sjálfsboðaliða sem eyða miklu af dýrmætum frítíma sínum í starfi fyrir deildina.

Þar sem undirritaður kom inn í starfið þegar tímabilið var að hefjast, enda nýfluttur í bæinn, þá hélt hann að íþrótt eins og handknattleikur mætti meiri skilningi og velvild hjá bænum, en það er mjög langur listi af málum sem betur mættu fara varðandi aðstöðu og umbúnað íþróttarinnar og skilning á fjárþörf. Það er ekki nóg að hafa hús og keppnisvöll, nútímahandbolti krefst umgjörðar sem er bara ekki fyrir hendi í Mosfellsbæ í dag.

Það er eins og ekkert hafi verið gert í 10-15 ár eða frá því að húsið var byggt. Peningaleysi og aðstöðuleysi ásamt því að berjast við ýmsa fortíðardrauga standa afreksmönnum í íþróttinni fyrir þrífum. Eins og flestir vita sem þekkja söguna þá eigum við tvo uppaldar Aftureldingarmenn í öðrum liðum, framtíðarlandsliðsmennina Erni Hrafn í Val og Einar Inga í Fram. Þeir fóru í önnur lið af þessum ástæðum og því að við vorum ekki með lið á meðal þeirra bestu.

Nú erum við með ungt og efnilegt lið í úrvalsdeild, lið sem á framtíðina fyrir sér. Deildin er sterk og hefur aldrei verið jafnari en tvö af átta liðum falla niður í 1. deild að vori.

Nú er möguleiki á að styrkja hópinn eftir áramót, eitthvað sem er lífsnauðsynlegt enda blasir við fall miðað við stöðuna eftir fyrri hluta móts. Eitthvað sem enginn vill að gerist og allir vona að verði ekki að veruleika. Það eru engin geimvísindi sem þarf til, einfaldlega aukinn skilningur á fjárþörf og auknum fjárútlátum sem leikmannakaup og styrking hópsins hefur í för með sér. Miðað við fjárhagsáætlun deildarinnar þá vantar töluvert upp á að reksturinn standi undir sér þetta tímabil.

Þannig biðla ég til bæjarfulltrúa og bæjarstjóra Mosfellsbæjar að hjálpa okkur að halda þessum menningarviðburði áfram í hæstu hæðum og styrkja okkur frekar svo meiri líkur séu á að við getum haldið okkur í deild þeirra bestu. Annars er hætt á því að leikmenn, styrktaraðilar og jafnvel áhorfendur muni láta sig hverfa og þessi skemmtilega viðbót við annars ágætt menningarlíf hérna í Mosfellsbæ muni verða að engu og það tekur mörg ár í viðbót að græða svoleiðis sár og byggja upp lið sem Mosfellsbæingar geta verið stoltir af um ókomna framtíð.

Jón Freyr Sigurðsson
Frankvæmdastjóri
Handknattleiksdeildar UMFA

Síðustu dagarnir í skólanum fyrir jól hafa verið með óhefðbundnu sniði

Þemadagar í Varmárskóla

Þemadagar hafa verið í Varmárskóla í vikunni og er unnið með jólaþema. Í yngri deildinni er unnið með jólatré, engla, jólasveina, Grýlu, jólakort og fleira sem að tengist jólnum, nokkrir fóru í göngutúr aðrir fóru í sund og enn aðrir voru að syngja jólalögin. Í eldri deildinni var unnið með öll heimsins jól. Krakkarnir hafa haldið úti fréttasíðu frá þemadögnum sem má finna á slóðinni www.varmarskoli.is/halldor/fsv/07-des Látum myndirnar tala sínu máli.



Englar í góðverkum

Englahópurinn var einn af hópnum á þemadögnum. Hans hlutverk var að gera góðverk og láta gott af sér leiða. Í Englahópnum voru 16 krakkar úr 9. og 10. bekk í Varmárskóla. Á mánudaginn fóru þau í Hjálparstofnun Kirkjunnar og hjálpuðu til við að pakka inn mat sem senda átti innanlands. Krakkarnir stóðu sig rosalega vel og fengu þau mikið hrós fyrir sína vinnu. Næsta dag fór helmingurinn á leikskólann Hlíð og hjálpaði þar til en hinir gengu í fyrirtæki bæjarins og báðu um gjafir til þess að setja undir jólatré mæðrastyrksnefndar og fjölskylduhjálpar í Kringlunni. Krakkarnir söfnuðu helling af gjöfum og vilja þakka fyrirtækjum Mosfellsbæjar fyrir hjálpa. Einnig safnaði hópurinn fötum fyrir Rauða krossinn og gátu allir sem vildu komið með fót að heiman. Krakkarnir voru rosalega duglegir og eiga hrós skilið fyrir sína vinnu þessa daga, sem sagt algjörir ENGLAR.



Aðgerðir Mosfellsbæjar í starfsmannamálum

Mosfellsbær hefur ákveðið að grípa til sérstakra aðgerða í launa- og starfsmannamálum á árinu 2007 og 2008. Aðgerðirnar eru til að umbuna starfsmönnum sérstaklega vegna mikils álags í starfi s.s. vegna starfsmannaveltu, þjálfunar og leiðbeiningar nýrra starfsmanna og undirbúnings sem ekki næst vegna álags á venjulegum vinnutíma. Þessar aðgerðir eru einnig til þess fallnar að efla starfsanda og líðsheim. Undirritaður lagði fyrir bæjarráð tillögur í lok október og aftur í lok nóvember sem lutu að þessum atriðum. Bæjarráð samþykkti þessar tillögur og eru þær tilgreindar hér að neðan.



• Jólæingreiðsla

Allir sem eru starfsmenn Mosfellsbæjar í nóvemberlok fá jólaeingreiðslu að fjárhæð kr. 25.000,- miðað við 100% starfshlutfall

• Eingreiðslur til starfsmanna frístundaselja og leikskóla haustið 2007

Í lok október voru samþykktar sérstakar eingreiðslur til starfsmanna leikskóla og frístundaselja vegna álags, s.s. vegna starfsmannaveltu, þjálfunar og leiðbeiningar nýrra starfsmanna, sérverkefna ofl. Forstöðumönnum stofnana var falin útfærsla þessara ráðstafana.

• Breytingar í leikskólum og frístundaseljum

Sviðstjóra fræðslu- og menningarsviðs hefur verið falið í samráði við forstöðumenn að endurmeta störf á leikskólum og frístundaseljum þannig að það stuðli að fjölgun deildarstjóra á leikskólum bæjarins og þörf fyrir menntaða frístunda- leiðbeinendur yrði endurskilgreind. Þessar aðgerðir hafa þegar verið framkvæmdar og hafa áhrif á launakjör þessara starfsmanna.

• Tímabundnar eingreiðslur 2008

Mosfellsbær kemur til móts við tímabundið álag, þar með talið álag í matartímum, sem og á öðrum tímum, með yfirvinnugreiðslum, samkvæmt mati stjórnenda stofnana. Álag þetta á sérstaklega við um starfsmenn leikskóla, stuðningsfulltrúa og skólalíða grunnskóla. Álagið á einnig við um starfsmenn á öðrum stofnunum Mosfellsbæjar í sambærilegum störfum og þar sem sambærilegar aðstæður ríkjá. Stjórnendum er heimilt að umbuna með yfirvinnugreiðslum í samræmi við álag á hverjum stað.

• Heilsuræktarstyrkur

Allir fastráðnir starfsmenn Mosfellsbæjar sem stunda heilsurækt fá heilsuræktarstyrk á árinu 2008 að upphæð kr. 16.000 m.v. fullt starfsl. 12 mánuði, eða hlutfallslega hafi ráðning staðið skemur.

• Mat á starfsaldri

Við mat á starfsreynslu til starfs-

launa hjá Mosfellsbæ gildir starfsreynsla frá öðrum vinnuveitendum með sama hætti og starfsreynsla í sambærilegum störfum hjá öðrum sveitarfélögum hefur gilt hingað til.

Tilgangur þessara aðgerða er eins og áður sagði að koma til móts við álag á stofnunum bæjarins nú í haust og fyrirsjáanlegt álag á næstu misserum. Hluti þessara aðgerða nær til allra starfsmanna Mosfellsbæjar. Þ.e. jólaeingreiðsla, heilsuræktarstyrkur og nýtt mat á starfsaldri. Það er von mín að þessar aðgerðir mælist vel fyrir meðal starfsmanna bæjarins og séu líður í því að styrkja bæjarfélagið í að vera fyrsta flokks vinnuveitandi.

Að lokum vil ég nota tækifærið og óska Mosfellingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri



150 ára afmæli Brautarholtskirkju

Sunnudaginn 9. desember var í Fólkvangi haldið upp á 150 ára afmæli Brautarholtskirkju á Kjalarnesi. Í því tilefni var flutt vönduð menningardagskrá. Hátíðin var mjög fjölmenn og kirkjunni bárust góðar gjafir og kveðjur í tilefni dagsins.



Alltaf gaman í sunnudagaskóla

Sunnudagaskólinn er starfræktur alla sunnudaga yfir vetrartímann kl. 13 í Lágafellskirkju. Þar er jafnan glatt á hjalla, sungið, leikið og margt annað skemmtilegt.



Þóra ásamt Loga Egilssyni og Önnu Guðmundsdóttur úr Hafnarfirði. Fremst á myndinni má sjá einn af listmunum sýningarinnar.

Þóra Sigurbórsdóttir leirlistarkona á Hvirfli

Glæsilegt gallerí opnað

Að Hvirfli í Mosfellsdal hefur leirlistarkonan Þóra Sigurbórsdóttir um árabil rekið og starfað við sitt glæsilega gallerí. Þann 1. desember bauð hún vinum og gestum í opnunarteiti og var tilefnið vígsla á nýrri glæsilegri viðbyggingu og sýning hennar á nýjum munum. Fjöldi manns gerði sér ferð í Mosfellsdalinn þennan fallega dag til að samfagna með Þóru og eiginmanni hennar Bjarka Bjarnasyni. Þóra hefur fyrir margt löngu skipað sér í sess fremstu leirlistamanna þjóðarinnar og eru verk hennar oft afar afgerandi og heillandi.



Vilborg Bjarkadóttir á Hvirfli og Hanna Bjartmars bæjarfulltrúi.



Æskuvinirnir úr Mosfellsdal þeir Bjarki Bjarnason og Þorkell Jónsson.



Þóra Sigurbórsdóttir lengst til hægri ásamt skólastjórahjonunum í Menntaskólanum hraðbraut, Ólafi H. Johnson og Borghildi Pétursdóttur.



Guðbjörg Edda Guðmundsdóttir til vinstri ásamt Ásdísi Sigurbórsdóttur skólastjóra Myndlistarskóla Mosfellsbæjar.



Dúóið Hvirflibylur, skipað þeim Kalla Tomm og Jónasi Þóri, tóku nokkur létt lög.



Við sendum
landsmönnum öllum
okkar bestu óskir
um gleðileg jól
og velgengni á nýju ári.



Öll starfsemi Toppforms hefur nú sameinast World Class við Lágafellslaug

Ný heilsuræktarstöð

Ný 1.000 fermetra heilsuræktarstöð World Class hefur opnað í nýju húsnæði við Lágafellslaug og var formlega opnuð 15. desember. Það var Haraldur Sverrisson bæjarstjóri sem opnaði stöðina formlega. Um leið var efnt var til fjölskylduskemmtunar og opins húss þar sem gestir gátu kynnt sér húsakynnin og aðstöðuna. Í nýju heilsuræktarstöðinni er fullkominn tækjasalur, leikfimisalur, barnaleikherbergi auk aðgangs að Lágafellslaug og þeirri aðstöðu sem laugin býður uppá. Opnun stöðvarinnar er liður í átaki World Class þar sem markmiðið er að færa heilsuræktarstöðvar nær íbúum og auðvelda þannig fleirum að stunda reglulega heilsurækt.

Hvatning til heilsuræktar

Björn Leifsson og Hafðís Jónsdóttir í World Class segjast sífellt leggja kapp á að bæta þjónustuna við viðskiptavinum. "Tilkoma heilsuræktarstöðvarinnar mun auðvelda mörgum okkar viðskiptavinum sem búa í Mosfellsbæ og nágrenni að stunda reglulega heilsurækt. Að sama skapi vonum við að nýja stöðin verði mörgum öðrum hvatning til að byrja í heilsurækt en það er einstakt að geta samnýtt kosti hefðbundinnar heilsuræktarstöðvar og sundlaugar með



World Class hjónin með Evu Magnúsdóttur framkvæmdastjóra fimleikadeildar UMFA en þau gerðu með sér myndarlegan samstarfssaming.



Dansstúdíó World Class mun vera með danskennslu í vetur fyrir allan aldur.

þessum hætti."

Um leið og nýja heilsuræktarstöðin var tekin í notkun var undirritaður samningur þar sem World Class styrkir fimleikadeild Aftureldingar.



Björssi og Dísu með Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra sem opnaði nýju stöðina í Lækjarhlíð formlega.



Fimleikadeildin hélt glæsilega sýningu.



Fjöldi fólks lagði leið sína á opnunarhátíðina. Þessir voru tilbúnir í átökin.



Spuni í Listasal

Hrönn Helgadóttir hefur opnað sína fyrstu einkasýningu í Listasal Mosfellsbæjar. Yfirskrift sýningarinnar er Spuni og eru verkin þverskurður af því sem hún hefur verið að vinna að síðastliðin tvö ár. Myndir hennar búa yfir leikandi hreyfingu þar sem litir og form spinna sig um myndflötinn. Hrönn stundar nú nám við mótunardeild Myndlistaskólans í Reykjavík. Hún hóf tónlistarnám ung að aldri og hefur lokið kantorsprófi og burtfararprófi í söng. Í dag er Hrönn starfandi organisti og kórstjóri. Sýningin er til 12. jan.

**HVAÐ ER
AÐ FRÉTTA?**

SENDU OKKUR LÍNU...

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

ÁRAMÓT Á ÁSLÁKI

Dúettinn HLJÓMUR

- Húsið opnar kl. 00:30
- Forsala aðgöngumiða hefst á Ásláki 28. des.
- Miðaverð: 1.500 kr.
- 20 ára aldurstakmark

HILMAR GÚSTI



Sýning hjá Myndlistarskólanum

Afrakstur haustannar hefur verið til sýnis nú í desembermánuði hjá Myndlistarskólanum. Sýningin var haldin í húsakynnum Tónlistaskólans í Háholti og voru til sýnis verk nemenda úr barna- og unglingahópum. Góð samvinna er á milli deilda í Listaskóla Mosfellsbæjar og komu til að mynda nokkrir hljóðfæraleikarar úr Tónlistaskólanum og léku við opnun sýningarinnar.



Hótel Ás tekur á sig mynd

Eins og glöggir bæjarbúar hafa tekið eftir er í byggingu stærðarinnar hótel við hlið sveitakrárinnar Ásláks. Það er Albert Rútsson sem hefur haft veg og vanda af þessum framkvæmdum og miðar þeim vel að hans sögn. Stefnt er að opnun í mars 2008 og nú þegar er mikil eftirspurn eftir gistingu. „Fólkið vill vera aðeins frá höfuðborginni og því sem henni fylgir. Hér er líka stutt í allt sem fólk þarf.“ Hótelíð hefur hlotið nafnið Ás Hótel Mótél. Hátt í 30 rými verða á hótelinu sem skiptast í bæði íbúðir og stök herbergi. Leyfi hefur fengist fyrir annarri eins byggingu neðar á lóðinni og hafist verður handa við hana einhverntíman í náinni framtíð segir Alli. En hvernig hefur maður efni á svona löguðu? „Ekki henda dósunum og flöskunum“ svarar Alli og óskar bæjarbúum gleðilegra jóla.



Árlegur jólafundur Bæjarrónafélags Mosfellsbæjar fór fram á Ásláki

Bæjarrónar af lífi og sál

Bæjarrónafélag Mosfellsbæjar hélt sinn árlega jólafund á Ásláki föstudaginn 7. desember. Að venju var fenginn rithöfundur með bók á metsölulista til að koma á fundinn og lesa úr nýrri bók sinni. Að þessu sinni kom Guðni Ágústsson alþingismaður og fyrrverandi landbúnaðarráðherra með bók sína Guðni-Af lífi og sál-, eftir Sigmund Erni Rúnarsson. Sigmundur var að sjálfsögðu með í för og árituðu þeir félagar bækurnar, enda runnu þær út eins og heitar lummur. Guðni las valda kafla úr bókinni við mikla kátínu viðstaddra.



Helgi og Erna tóku vel á móti fomanni Framsóknarflokksins á Ásláki.



Félagarnir Guðni Ágústsson og Sigmundur Ernir árita bókina sína „Af lífi og sál“.



Steindór og Þórarinn létu sig ekki vanta.



Pétur Jökull búinn að gera jólainnkaupin fyrir þessi jóln.

Gleymum ekki börnunum

Börn vita fátt skemmtilegra en jólin og jólaundirbúning og hlakka mikið til þessa árstíma á hverju ári. Hjá öðrum veldur þessi tími kannski kvíða og áhyggjum, það er svo margt sem þarf að gera, mikið sem þarf að kaupa o.s.frv. Hraðinn, stressið og neyslugleðin í samfélaginu getur verið mjög mikill og allir hafa svo mikið að gera, sérstaklega mamma og pabbi. Og hverjir eru það sem verða þá helst útundan á meðan við sinnum öllum „jólaskyldum“ okkar? Jú, börnin.

Þegar maður minnst æskujólanna standa upp úr hinar ýmsu notalegu samverustundirnar með fjölskyldu, ættingjum og vinum. Hvort það var allt hreint og strokið eða ekki eða hvort það voru tíu sortir af smákökum í boxum uppi í skáp skipti ekki svo miklu máli,

það sem skipti máli var að fjölskyldan var saman.

Það er mikilvægt að við foreldrar gleymum ekki að hugsa um börnin okkar, okkur sjálf og fjölskylduna á aðventu og jolum og gefum hvort öðru góðar minningar. T.d. getur góður göngutúr með börnunum að skoða fallegu jólaljósín í bænum orðið betri jólaminning en verslunarferð til borgarinnar.

Gefum börnum okkar eftirminnilega aðventu og jól og njótum þess að hugsa vel um hvort annað.

Hvít jól

Ég man þau jóln, mild og góð er mjallhvít jörð í ljóma stöð. Stöfum stjörnum bláum, frá himni háum í fjarska kirkjuklukknahlóm. Ég man þau jól, hinn milda frið á mínum jólakortum bið að ævinlega eignist þið heiða daga, helgan jólafrið.

Stefán Jónsson/Irving Berlin



F.h. stýrihóps „Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“ í Mosfellsbæ

GLEÐILEG JÓL
Sigríður Sigurðardóttir, móðir.

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF

Ævar Aðalsteinsson félagsforingi stiklar á stóru

Viðburðarík haustdagskrá skátanna

Eftir að skátastarfið byrjaði í haust hefur verið fullt að gera hjá Mosverjum. Hér koma nokkrar glefsur úr því helsta sem við höfum verið að gera.

Hafravatnsdagurinn

Hann var haldinn laugardaginn 29 september s.l. Dagurinn er orðinn árviss viðburður í okkar skátastarfi. Þangað fjölmennar allir Mosverjar auk þess sem þangað er sérstaklega boðið þeim nýliðum sem hafa byrjað sitt skátastarf ásamt fjölskyldum. Í boði eru allskonar skátaprautir, siglingar á vatninu, grill og kakódrykkja ásamt ekta skátavarðeld. Veðurguðirnir voru greinilega á bandi Mosverja, því leiðindaveður var fyrir hádegi en þegar dagskráin hófst lægði og gerði þetta fína veður. Allir skemmtu sér vel og reyndu sig við það sem í boði var. Það má geta þess að skátar úr skátafélaginu Vífill í Garðabæ komu einnig á Hafravatnsdaginn.

Skátamót í skipi

Drótt og Rekkaskátar (13–17 ára) fóru á sérstakt skátamót í október. Það var haldið um borð í björgunarskipi Landsbjargar sem lá í Hafnarfjarðarhöfn. Þetta var unnið í samvinnu við Slysavarnarfélagið Landsbjörg og lærðu skátarnir margt um öryggismál og björgunarstörf.

Forsetamerkið

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhenti þar tæplega 30 dróttskátum viðurkenningu fyrir mjög gott skátastarf sl. 3 ár. Í höpnum voru að þessu sinni 8 Mosverjar sem luku sínu dróttskátastarfi með miklum sóma. Afhentingin fór fram þann 27. október.

Skátadagur og skátasýning

Í tilefni 100 ára skátastarfs á Íslandi var opnuð skátasýning á bóka-



safninu í byrjun nóvember. Ýmsum skátamunum var safnað saman og sett upp skemmtileg sýning sem endurspeglar skátastarf á Íslandi. Elstu munirnir eru frá fyrri hluta síðustu aldar, en einnig eru á sýningunni nýlegir munir og ljósmyndir frá starfi Mosverja á síðustu árum. Margir hafa titið við á skátasýninguna og vilja Mosverjar þakka starfsfólki bókasafnsins fyrir jákvæð viðbrögð við þessari hugmynd. Einnig tóku Mosverjar þátt í skátadegi 3. nóvember sem haldinn var í Fífurni í Kópavogi. Þar voru Mosverjar m.a. með stóra svifbraut sem var mjög vinsæl.

Félagsútilega

17. -18. nóvember í Vatnaskógi. Þar er góð aðstaða til að vera með stóra hópa því ekki veitir af plássinu þegar um 100 Mosverjar fara saman í útilegu. Útilegan var í umsjón R.S. Rögnvaldar, sem er róverskátasveit

Mosverja. Þó kalt hafi verið í veðri tókst dagskráin vel.

Komdu út

Komdu út - gönguferð var laugardaginn 1. desember. Þá var farið í stutta gönguferð um nágrenni Mosfellsbæjar. Í þetta sinn var farið á Reykjavellið.

Jólafundur

Jólafundur Mosverja var síðan laugardaginn 8. desember í Lágafellsskóla. Þar var boðið uppá skemmtilegar myndasýningar frá utanlandsferðum Mosverja s.l. sumar. Einnig voru sungnir skáta og jólalög og bragðað á skátakakói ásamt meðlæti. Skátar fjölmenntu ásamt fjölskyldum á jólafundinn. Og á nýju ári.....

Þrettándinn

Starfið eftir áramótin byrjar sunnudaginn 6. janúar, en þá verður haldið uppá síðasta dag jóla eins og áður með brennu hér í Mosfellsbæ. Mosverjar munu ganga fyrir kyndilgöngu með trommuslætti frá Kjarna og að brennunni. Þar verður eflaust margt um menn, álfa, tröll og jólasveina. Einmitt, nú eru Mosverjar líka komnir í jólaskepp og óska öllum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökkum fyrir liðið ár.



Meðferðarstofa í Lágafellslaug

Lilja Steingrímsdóttir, Sigrún Rafnsdóttir og Ingrid Juhala opnuðu meðferðarstofu í Lágafellslaug nú í byrjun desember. Um er að ræða heilunar og höfuð-bein- og spjaldhryggmeðferðar og nuddstofu.

Stofan er opin eftir umtali og eru tímapantanir í Lágafellslaug, sími 5176080 en hver meðferð tekur um eina til eina og hálfa klukkustund. Hægt er að kaupa gjafabréf hjá þeim stöllum og stinga með í jólapakkann í ár.



Aðventukvöld í Lágafellskirkju

Á annan sunnudag í aðventu eru haldin aðventukvöld í Lágafellssókn á hverju ári. Í ár flutti bæjarstjórn okkar Haraldur Sverrisson hugleiðingu kvöldsins. Það er gleðilegt hve margir taka þátt í þessari stund í Lágafellskirkju. Í ár eins og undanfarin ár var bekkurinn þéttskipaður og þurftu margir frá að hverfa vegna plássleysis. „Við horfum þó til betri tíma, þegar við fáum loksins lóð undir nýja kirkju fyrir okkar ört stækkandi sókn.“ Hinar vinsælu jólakúlur til styrktar nýrri kirkju fást hjá Hlín í blómahúsinu og eru tilvaldar á jólatréð.



Vilt þú gefa persónulega jólagjöf í ár?

Er með silkidamask rúmföt og ef þú vilt gera þau enn fállegri láttu þá setja upphafsstafina, einnig merkt handklæði, fliðhúfur og derhúfur.

Flottar gjafir fyrir öll tilefni. Merki flest allan fatnað.

Íþróttafólk þar sem allir eru í eins galla - afhverju ekki að setja nafnið í gallann? Endilega hafið samband við mig eftir kl. 17 á daginn í síma 5579315 eða á ragnaros@simnet.is



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Starfsfólk óskast við íþróttamiðstöðina að Varmá

Íþróttamiðstöðin að Varmá auglýsir eftir einum starfsmanni í þjónustastarf við miðstöðina ásamt afleysingafólki um helgar og á kvöldvaktir.

Gæti hentað ungu fólki með námi.

Möguleiki er að ráða sig í 8 tíma á viku eða meira eftir því sem hentar hverjum og einum.

Leitað er eftir fólki af báðum kynjum.

Nánari upplýsingar gefur
Sigurður Íþróttafulltrúi í síma 6600750

Heyrst hefur...



...að golfarinn góðkunni Steini Hallgríms sé orðinn verslunareigandi Hole in one.

...að Mári á dekkjaverkstæðinu hafi eignast tvíbura á dögnum.

...að Ragga Bjarna sé búinn að eignast stúlku, Margréti Valentínu.

...að Þorablot Dalbúa verði haldið þann 2. febrúar

...að Hemmi Hreiðars, Eiður Smári og fleiri frægir kappar séu með uppskrift í uppskriftabók Aftureldingar sem kom út nýverið.

...að Íris Þöll sé kasólett í Danaveldi

...að Bjóssi og Olga á Texture séu búinn að setja eitthvað fleira en smákökur í ofninn fyrir þessi jólin.

...að Pétur Berg sé genginn út

...að Hljómurinn muni óma á Ásláki um áramótin.

...að Haukur Sigurvins fyrirlíði Aftureldingar og Beta stefni að fjölgun mannkyns á nýju ári.

...að ekkert foreldrarölt verði í vetur á vegum Lágafellsskóla sökum þátttöku- og áhugaleysis.

...að Jóli Ben og Guðrún séu í fjölgunardeildinni.

...að aðeins þrír leikmenn Aftureldingar hafi verið inn á þegar mest gekk á í síðasta handboltaleik.

...að Coca-Cola jólahestinn hafi keyrt í gegnum bæinn án þess að nokkur tæki eftir henni.

...að Ína og Kóngsi hafi eignast lítinn dreng í vikunni.

...að engu verði til sparað á Þorabloti Aftureldingar 26. jan. Búið er að ráða ma. Simma og Jóa og Magna og á móti sól.

...að tófum fari fjölgandi innan bæjarmarkanna.

...að Krónan sé opin til 22 á kvöldin þessa dagana fyrir jólin.

...að fjöldi Mosfellinga sé að detta í 8000 manns.

Endilega sendið okkur slúður mosfellingur@mosfellingur.is

Gledileg jól



Fjölskyldumeðlimirnir fyrir utan Old Trafford. Hilmar, Davíð Jón, Rikki og Lalli.

Vel heppnuð fótboltaferð til Englands

Ljóshraði á ferð og flugi

Í síðasta mánuði fór Mosfell-ingurinn Lárus H. Jónsson (betur þekktur sem Lalli Ljóshraði) í langþráða fótboltaferð til Manchester borgar í Englandi.

Í fylgd með honum voru fjórir filelfdir aðstoðarmenn (dugði ekki minna) sem allir eru tengdir honum fjölskylduböndum. Má segja að þeirra hlutverk hafi verið að bera Lalla á höndum sér í fjóra daga... sem þótti bara nokkuð „létt“ verkefni enda Ljóshraðinn þekktur fyrir margt annað en að vera „þungur“.

Förin var farin til að sjá Manchester United taka á móti Blackburn í ensku deildarkeppninni. Þann leik vann Manchester United AÐVITAÐ 2-0. Leikvangur liðsins, Old Trafford var skoðaður hátt og lágt í fylgd með

einka leiðsögumanni. Framkvæmdastjórastóll Fergusons prófaður og búningur Rooneys mátaður.

Þar sem við vorum komnir til Englands og lítið lið í lítilli borg, sem kallast Liverpool, var að fara að spila leik um sömu helgina, og frést hafði að fáir áhorfendur myndu mæta, var ákveðið að skella sér á þann leik líka. Liverpool vann þar Fulham 2-0. Ágætis upplifun líka. Aðallega var nú samt farið á þann leik til að geta fussað og sveijað yfir hvað Anfield er miiiiikið minni en Old Trafford. Mjög hressandi. Mikil stemming var á Anfield og flottur söngur.

Við, fjölskylda Lárusar H. Jónssonar, viljum senda innilegar þakkir til allra þeirra er studdu hann til ferðarinnar.

HPJ

Stöku sinnum

Eins og nafn þessa dálks gefur til kynna er kastað hér fram stökum svona þegar einhverjar berast. Kvæðamenn og aðrir áhugamenn um góðar rímur mega endilega senda okkur línu.

Þessi staka barst þegar engin kveðskapur fannst í síðasta blaði.

Stökusinnum sé ég ei,
illt er þetta að hugs'um.
Á nú enginn vísu grei,
eð' eitthvað til að yrkj'um?

Ari

SYSTUR



Elín Reynisdóttir
Búningahönnuður og stílisti



Erna Reynisdóttir
Framkvæmdastjóri UMFA

SKYLDLEIKADÁLKURINN

Í eldhúsinu

HJÁ HREFNU

Ýsuréttur

Hrefna Vestmann hárgreiðslukona leyfði okkur að kíkja í uppskriftabókina sína. „Þessi ýsuréttur hefur alltaf verið vinsæll á okkar heimili.“

1kg roðflétt ýsa
3 msk hveiti
1 teskeið salt
½ teskeið karrý
1 stór laukur
1 stór græn paprika
2-3 sneiðar ananas
1 peli rjómi

1 poki cheddarostur rifinn
Smjör til steikinga
Safi úr einni ananasdós

Skerið fiskinn í bita, blandið saman salti, karrý og hveiti og setið í plastpoka. Bætið ýsubitunum við og hristið. Steikið fiskinn lítilega í smjöri á pönnu þannig að hann verði ljósbrúnn. Skerið laukinn og paprikuna í litla bita, brúnið í smjöri á pönnu. Skerið ananasinn í bita. Setjið fiskinn í

eldfast mót og stráið lauk, papriku og anansbitum yfir. Stráðið örlitlu karrý yfir. Blandið saman safanum af ananasnum og rjómanum og hellið yfir fiskinn, osturinn settur yfir eftir það. Setjið þetta svo í 200°C heitan ofn og bakið í 20 mín. Gott að hafa hrísgrjón, salat og snittubrauð með.



Píparkökuhús
Píparkökur
Píparkökudeig

MOSFELLINGUR

Frábær tilboð á gjafavöru fyrir jólin

Nýtt á Pílus Við sendum SMS skilaboð í GSM símann þinn 1-2 klukkustundum áður en þú átt að mæta.

Tilboð Þessa dagana erum við með 20% afslátt af barnaklippingum.

Munið Panta tímanlega fyrir jólin og við sendum þér SMS skilaboð 1-2 klukkustundum áður en þú átt að mæta.



Opið: mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga 9-18, fimmtudaga 9-19 og laugardaga 9-14

Pílus
Hársnyrtistofa

Pílus hársnyrtistofa - Kjarna - Þverholti 2 - Sími 566 6090

Gledileg jól og farsælt komandi ár
Þökkum viðskiptin á árinu

- Starfsfólk Pizzabæjar og nú Hróa Hattar

Starfsfólk óskast

Óskum eftir að ráða starfsfólk í kvöld- og helgarvinnu.

Umsóknareyðublöð og upplýsingar á staðnum

23. des.	Þorláksmessa	11:30 - 22.00
24. des.	Aðfangadagur	Lokað
25. des.	Jóladagur	Lokað
26. des.	Annar í jólum	Lokað
27. des.	Opið	11:30 - 22.00
28. des.	Opið	11:30 - 24.00
29. des.	Opið	11:30 - 24.00
30. des.	Opið	11:30 - 22.00
31. des.	Gamlársdagur	Lokað
1. jan.	Nýársdagur	Lokað



SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvað langar þig í jólagjöf?




HAUKUR:
Nýja myndavél.



KLARA: Ég er ekki alveg viss, en kannski bara webcam.




GRÓA:
Gleði og frið.



ANDRI HRAFN:
DVD og tölvuleiki.



HANNA: Nýjan Nissan Patrol af bestu gerð.



HELGI:
Nú auðvitað Playstation3




Umsátur í Mosfellsbæ



Harður, harðari



Helgi hress



Allt fyrir ástina



Kraftur í kókómjól




Félagarnir DNA og Marteinn



Maggi með Hara systur í aftaki



Ég kemst í hátíðarskap



Fermingardrengir á aðventu

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Númi í Mexico



Afmælisbörn mánaðarins



Dómarann í sturtu!



Keli og co í nýja hesthúsinu



Þitt fyrsta bros



Kræsingar



Undir jólahjólátré



Þríburarnir í stuði



L. Sigvalda



Skipperinn




Gengur bara betur næst



Kúrekar norðursins



Gleðileg jól



Jólapósturinn Páll



Þís out



Árs hátíð dónakalla



WC mennirnir



Inga hárfagra



Stanslaust stuð

ÁFRAM AFTURELDING



**ÁRNI MAGG OG GÍSLI Í DALSGARÐI
ERU STUÐNINGSMENN NÚMER EITT**

TVÍFARAR



RAGNHEIÐUR RÍKHARÐS



JAMIE LEE CURTIS

KALLINU(M) SVARAÐ

Já kallinu hefur verið svarað. Loksins verður byggður miðbær í Mosfellsbæ. Löngum stundum og í ófáum pistlunum hef ég kvartað yfir miðbæjarleysi bæjarins og stendur nú loksins til að bæta úr því. Byggja á samkomutorg og eitthvað fleira gúmmelaði milli Kjarnans, Kaupþings og Háhlots hússins og þar munu Mosfellingar loksins geta komið saman á stað sem kallast getur miðbær.

Í hinu sáluga Lókal lagði ég af stað í leitina af miðbænum sem bar lítinn árangur. Þar komst ég að því að Álafoskvosin væri sennilega hjarta bæjarins á meðan ég kallaði Kjarnann skítugan gám sem stæði upp á hlið. Jafnvel fullhart í árina tekið en ég neita enn að kalla hann hjarta eða miðbæ Mosfellsbæjar enn þann dag í dag.

Nú er bara spurning hvort að bæjaryfirvöld standi sig og geri þetta almennilega eða hvort við endum uppi með enn eitt hálfkakið í höndunum. Til dæmis eins og ípróttahúsið okkar, Kjarnann, nýju ípróttaaðstöðuna við Lágafellsskóla og Lágafellsskóla sjálfan. Stundum finnst manni eins og skipulagsmál í bænum séu bara hugsuð næstu fimm mínúturnar fram í tímann. En hvern djöfulinn veit ég? Ég ætti kannski bara halda kjafti og vera þakklátur? Gæti verið en það er ekki að fara gerast. Sorri með það.

Annars vill ég óska öllum bæjarbúum gleðilegra jóla og allskonar vildum og sældum á komandi ári. Til dæmis velvild og farsæld. Annars er ég finn gaur og bið að heilsa, Sælir nú. Ahhh. Eitt að lokum. Ég vill þakka öllum bæjarbúum fyrir alveg hreint frábæran stuðning við handboltann í vetur. Stemmningin hefur verið ótrúleg og ég vona að hún verði eins eftir áramót. Kærar þakkir og sælir akkurat núna.

Slæageir Jónsson



SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Reiðhjól í óskilum

Reiðhjól sem trúlega hefur verið stolið er búið að standa við hús við Bugðutanga síðan í sumar. Sakni einhver reiðhjóls hafði þá samband í síma 8615492.

Til sölu nagladekk

Michelin 205/55 R 16 4 st. Eru nánast óslitin - notuð 6 mánuði síðasta vetur. Verð kr. 35.000. Kostuðu ný samtals um 75.000. Egill Helgason. Sími 860-3088

Kjól í óskilum

Ég fann kjól á veröndinni hjá mér. Hafði hann greinilega fokið í óveðrinu á dögunum. Miðað við vindátt kemur hann líklega frá Skálatúni eða ofan úr Túnun/Mýrum. Þetta er stuttur síðerma kjóll merkur frá Júniform íslensk hönnun. Hann er brúnn á lit með gæru á vinstri öxl og alveg heill. Sólveig. Sími 587-4508

Nýlegur GSM sími fundinn

Við á lögreglustöðinni erum með GSM-síma sem gott væri að koma út fyrir jól. Sá sem getur komið með tengi til að hlaða símann og jafnframt opnað hann með sínu PIN-númeri er væntanlega eigandi eða fulltrúi eigandans, og getur því fengið hann afhentann. Símann sendum við niður í óskilamunadeild eftir jól.



Óskum öllum vinum
og vandamönnum
gleðilegra jóla og gæfu
og velfarnadar
á komandi ári.

Sindri Guðmundsson
og Magnús Einarsson

ÍSHAMAR

Alhliða trésmíði

Álafossvegur 27 - s. 586 8356 (verkstæði) - fax 586 8357
s. 894 0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is



Gleðileg jól

BLÓM GLEÐJA

Hlín
Blómahús

Mosatorgi, Mosfellsbæ - S. 566 8700



Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040



Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa
með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herballe ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 889 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com



LEITUM AÐ STARFSFÓLKI

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki til starfa í vaktavinnu á heimili fatlaðs fólks í Mosfellsbæ. Skemmtileg og lærdómsrík störf.

Boðið er upp á öflugan stuðning í starfi og þjálfun.

Laun fara eftir samningum fjármálaráðherra og SFR.

Nánari upplýsingar um störfín ásamt öðrum störfum eru veittar á skrifstofutíma í síma 525-0900, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði eða á heimasíðunni www.smfr.is.





**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424

World Class opnar í Lækjarhlíð



World Class hefur opnað glæsilega 700 fm líkamsræktarstöð í Lækjarhlíð. Glæsileg fjölskylduhátíð var haldin við það tilefni síðasta sunnudag. Á myndinni má sjá líkamsræktarfrömuðina bregða á leik, Alfa, Dísu sem kennd er við World Class, Halla Karen og Elli.

Mynd/Ruth Örnólfs



Ágættu Mosfellingar!

*Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum ánægjuleg samskipti.*



588 55 30

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

Grétar J. Stephensen
löggiltur
fasteignasali
861-1639



Stórikriki - Ein-/tvíbýli

340 fm einbýlishús með aukaíbúð efst í Stórikriki. Húsið afhendist fullbúið að utan en fókelt að innan sem skiptist í 280 fm aðalíbúð á tveimur hæðum auk 60 fm íbúðar (2ja herb.) með sér inngang. Mögulegt er að hafa þrjár íbúðir.



Háholt

Tvær glæsilegar 91-95 fm íbúðir í nýju og full frágengnu fjölbýli við Háholt í Mosfellsbæ. Húsið er klætt steinflisum að utan og glæsilegur frágangur að innan með vönduðum innréttingum og tækjum þar sem engu hefur verið til sparað.



Klapparhlíð

Ný á skrá. Falleg 91 fm. íbúð á 3. hæð í glænýju fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Sér inngangur og vönduð gólfefni auk innréttinga. Stórar svalir í suður. Opíð í eldhús úr stofu. Eitt rúmgótt svefnherbergi. Lyfta. Topp frágangur.



Litlakriki - 2 hús eftir

Fjögur raðhús á einni hæð með mikilli loft hæð á frábærum stað efst í hlíðum Litlakriki. Húsin eru 197 fm og afhendast tæplega tilbúin til innréttinga auk timburverandar.

Verð frá 41 millj.



Skeljatangi

Gullfalleg og mikið endurnýjuð 84,9 fm endaíbúð á 1. hæð með stórrí verönd og sér inngang. Vandaðar innréttingar, gólfefni og innréttingar.

V. 24,7 m.



Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór-býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi.



Tröllateigur - með aukaíbúð

Mjög falleg 194,2 fm. íbúð á tveimur hæðum við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vandaðar innréttingar, allt fyrsta flokks. Góð lóð og fallegt útsýni. Sér inngangur í íbúð á neðri hæð. Hentar vel fyrir tvær fjölskyldur.

V. 44,7 m.



Svöluhöfði

Nýtt í sölu. Mjög glæsilegt 209 fm. einbýli við Svöluhöfða í Mosfellsbæ. Húsið er á einni hæð og vel innréttað. Vandaðar innréttingar og gott skipulag. Einstaklega fjölskylduvænt hús í einu vinsælasta hverfi bæjarins.